FEL06080004

Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 50. og 51. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1966 og 1967.

Inngangur.

Það er orðin föst vengja að hið reglulega þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sé haldið í höll sameinuðu þjóðanna í Genf í júnímánuði ár hvert. Ætlazt er til þess að hvert aðildarríki sendi fjóra fulltrúa til þings. Eru þeir allir skipaðir af hlutaðeigandi ríkisstjórn, en tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu aðalsamtaka verkamanna og vinnuveitenda í landinu, sinn frá hvoru þessara samtaka. Eru þessir tveir fulltrúar óháðir sínum ríkisstjórnum í afstöðu sinni til mála á þinginu. Þingið skiptist því raunverulega í þrjá flokka þ. e. ríkisstjórnafulltrúa, vinnuveitendafulltrúa og verkalýðsfulltrúa í hlutföllunum 2:1:1. Hver þessara flokka kýs sér formann og ritara og þeir halda sína sérfundi um afstöðu til mála.

Auk hinna fjögurra atkvæðisbæru fulltrúa, sem nefndir voru, er heimilt að senda tiltekinn fjölda ráðunauta og sérfræðinga. Þá sitja þingið jafnan fulltrúar frá ýmsum alþjóðastofnunum.

Þingið 1966 sóttu 1184 fulltrúar og ráðunautar frá 106 aðildarríkjum en þau voru þá 115. Árið 1967 voru aðildarríkin orðin 119 og það ár sendu 109 þeirra samtals 1235 manns til þings. Auk þess sátu þingin allmargir fulltrúar ýmissa stofnana og samtaka.

Á síðara þinginu átti Ísland engan fulltrúa, en á þinginu 1966 var fjögurra manna sendinefnd. Nefndina skipuðu þeir Eggert G. Þorsteinsson félagsmálaráðherra, Jón S. Ólafsson fulltrúi, Kjartan Thors formaður Vinnuveitendasambands Íslands og Hannibal Valdimarsson forseti Alþýðusambands Íslands. Varamenn hinna tveggja síðast nefndu voru Björgvin Sigurðsson framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins og Snorri Jónsson framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins og sátu þeir síðari hluta þingsins.

Dagskrá.

Fastir liðir á dagskrá hvers þings eru þrír, en þeirra eru þessir:

1. Skýrsla framkvæmdastjórans.
2. Fjárhagsmálefni.
3. Skýrslur um framkvæmd samþykkta og tillagna.

Auk þess voru á dagskrá þessara þinga eftirtalin mál:

4. Þáttur samvinnufélaga í framförum þróunarlanda á sviði efnahags- og félagsmála (síðari umræða 1966).
5. Endurskoðun samþykktanna nr. 35, 36, 37, 38, 39 og 40 um örorku-, elli- og eftirlifendabætur (fyrri umræða 1966 og síðari umræða 1967).
6. Málefni fiskimanna (ein umræða 1966).
7. Meðferð á kærum og samskipti stjórnenda fyrirtækis og starfsfólks (fyrri umræða 1966 og síðari umræða 1967).
8. Hámarksþyngd byrða, sem einn verkamaður má bera (ein umræða 1967).
9. Bætt lífskjör og starfskjör leiguliða o. fl. í landbúnaði (1. umræða 1967).
10. Alþjóðvinnumálastofnunin og tæknleg samvinna, þ. á m. hlutverk stofnunarinnar í iðnvæðingu þróunarlanda.

Einstök dagskrármál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Skýrsla framkvæmdastjóra skiptist jafnan í tvo hluta. Í öðrum hlutanum er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á liðnu ári, en í hinum er rætt um eitthvert ákveðið mál, sem ofarlega er á baugi.

Í skýrslunni 1966 er fjallað um iðnvæðingu og vinnuafl. Þar er drepið á hin margvíslegu vandamál, sem iðnvæðingu fylgja frá félagslegu sjónarmiði, og hverju hlutverki Alþjóðavinnumálastofnunin geti gegnt á þessu sviði. Kvað framkvæmdastjórinn það hlutverk stofnunarinnar að sjá til þess að iðnþróunin stuðli að því að tryggja félagslegar framfarir. Stofnunin verði að aðstoða hin einstöku ríki við að marka og framkvæma stefnu þeirra í vinnumálum og hjálpa þeim til að sigrast á þeim vandamálum í sambandi við iðnvæðingu, sem stafa af því að ekki er nægilegt tillit tekið til mannsins sjálfs.

Yfir tvö hundruð manns tóku til máls um þennan dagskrárlið.

Í skýrslunni 1967 fjallar framkvæmdastjórinn um málefni þeirra, sem ekki vinna líkamlega vinnu, en víða í löndum hefur slíkt starfsfólk við mikla örðugleika að etja vegna atvinnuleysis og lélegra kjara, ekki síst vegna þess að það hefur ekki í nægilega ríkum mæli skipað sér í stéttarfélög til þess að vinna að hagsmunamálum sínum.

2. Fjárhagsmálefni.

Sérstök þingnefnd skipuð einum fulltrúa frá hverju ríki fjallar jafnan um fjárhagsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, en áður hefur hún verið gaumgæfilega yfirfarin af stjórn stofnunarinnar. Voru útgjöldin áætluð 22 472 398 dollarar fyrir árið 1967 en 24 836 091 dollarar fyrir árið 1968. Árgjald Íslands var þá 0.12% af samanlögðum framlögum til stofnunarinnar, en er nú fyrir árið 1971 0.08%.

3. Skýrslur um framkvæmd samþykkta og tillagna.

Á hverju Alþjóðavinnumálaþingi er kosin nefnd til þess að kanna skýrslur þær, sem aðildarríkin hafa gefið um framkvæmd samþykkta og tillagna þingsins, en áður hefur sérstök nefnd sérfræðinga rannsakað skýrslur þessar og samið greinargerð um þær. Yfirleitt ber aðildarríkjunum að senda annað hvort ár skýrslu um framkvæmd ákvæða þeirra samþykkta, sem þau hafa fullgilt. Auk þess er á hverju ári tekinn fyrir ákveðinn flokkur samþykkta, sem öll aðildarríkin skuli gefa skýrslu um hvort sem þau hafa fullgilt þessar samþykktir eða ekki. Þannig voru á þinginu 1966 teknar fyrir samþykktir og tillögur um vinnueftirlit og á þinginu 1967 um vinnutíma.

Sérfræðinganefndin hafði samið greinargerð um lengd vinnutímans í flestum aðildarríkjanna. Þar kemur í ljós að ⅔ ríkjanna hafa vinnuviku, sem er innan við 48 stundir og u. þ. b. 30 ríki hafa samþykkt regluna um 40 stunda vinnuviku. Jafnframt kom það fram að í einstökum starfsgreinum einkum í verzlunaratvinnu, gistihúsa- og veitingahúsarekstri og við flutningastarfsemi er vinnuvikan lengri en 48 stundir. Einnig kom það víða fram að mikið er um yfirvinnu svo að raunverulegur vinnutími er lengri en góðu hófi gegnir þrátt fyrir samþykktir um lengd vinnuvikunnar. Í þessu sambandi var um það rætt að æskilegt gæti verið að setja í hverju ríki reglur um hámarksvinnutíma og haft væri eftirlit með því að þeim reglum væri fylgt.

4. Þáttur samvinnufélaga í framförum þróunarland á sviði efnahags- og félagsmála.

Þetta mál var á dagskrá þingsins 1965 eins og getið er um í skýrslu um það þing. Þá var gengið frá uppkasti að tillögu um málið og síðan fór fram síðari umræða um málið á þinginu 1966. Að lokinni þessari síðari umræðu var tillagan samþykkt svo að segja óbreytt.

Tillagan skiptist í fimm kafla. Í fyrsta kaflanum er því slegið föstu að hún skuli taka til allra tegunda samvinnufélaga í þróunarlöndunum og eru þar ýmis dæmi nefnd til skýringar. Annar kaflinn fjallar um stefnu þá, sem hið opinbera ætti að fylgja gagnvart samvinnufélögum í þróunarlöndunum. Í þriðja kaflanum er svo rætt um það, með hverjum hætti ríkisstjórnir geti stuðlað að þróun samvinnuhreyfingarinnar svo sem með löggjöf, menntun og þjálfun, fjárhagslegri aðstoð og aðstoð við stjórn samvinnufélaga og eftirlit. Í fjórða kaflanum er svo rætt um alþjóðlegt samstarf á þessu sviði. Fimmti kaflinn fjallar svo um sérstök hlutverk, sem samvinnufélög hafa að gegna einkum í sambandi við landbúnað og er það nánar rætt í viðauka, sem tillögunni fylgir.

Tillagan var samþykkt einróma á þinginu, en hún er prentuð hér með sem fylgiskjal VI.

5. Endurskoðun samþykktanna nr. 35, 36, 37, 38, 39 og 40 um örorku-, elli- og eftirlifendabætur.

Þetta mál var til umræðu á báðum þessum þingum og var gengið frá samþykkt og tillögu um málið, fylgiskjöl IV. og X.

Á síðara þinginu var gerð samþykkt um bætur vegna örorku og elli og til eftirlifenda. Leysir hún af hólmi þær samþykktir um sama efni, sem greinir í fyrirsögn þessa kafla svo og að nokkru leyti samþykkt nr. 102 frá 1952 um lágmark félagslegs öryggis.

Eins og heiti samþykktarinnar ber með sér fjallar hún um þrenns konar tryggingabætur og er sinn kaflinn um hverja þeirra. Heimilt er aðildarríkjum að fullgilda hvern þessara kafla fyrir sig. Aðrir kaflar samþykktarinnar hafa að geyma almenn ákvæði, sem snerta allar þessar tegundir bóta.

Fjárhæðir bóta samkvæmt samþykktinni skulu vera tiltekinn hundraðshluti af kaupi og miðast við ákveðna fjölskyldustærð að því er varðar hverja tegund bóta.

Aðildarríkjum er frjálst að velja um þrjár leiðir þegar ákveða skal til hverra tryggingarnar taki.

Um örorkubætur segir að þær skuli veittar manni, sem í tilteknum mæli er ófær til þess að stunda arðbæra atvinnu og líklegt sé að svo verði til frambúðar. Bæturnar eru háðar skilyrði um réttindavinnslutíma, sem er mismunandi og getur miðast við iðgjaldagreiðslur, starf eða búsetu.

Aðalregla samþykktarinnar um ellilífeyri er að greiðslur hans skuli hefjast eigi síðar en við 65 ára aldur, þó má þegar tilteknar ástæður eru fyrir hendi ákveða hærra aldursmark. Sé aldursmarkið 65 ár eða hærra, skal það með tilteknum skilyrðum ákveðið lægra fyrir þá, sem unnið hafa sérlega erfið eða óheilnæm störf. Til þess að öðlast ellilífeyrisrétt þarf réttindavinnslutíma, er sé 30 ár iðgjaldagreiðslu eða starfs eða 20 ára búseta.

Bætur til eftirlifenda skulu tryggðar ekkju og börnum látins manns svo og öðrum þeim, sem hann hefur haft á framfæri, eftir því, sem nánar er til tekið. Bætur til ekkju má binda skilyrði um tiltekinn aldur, er eigi sé hærri en ellilífeyrisaldur. Þó má ekki setja aldursmark ef ekkjan er öryrki eða hefur barn hins látna á framfæri.

Auk þessarar samþykktar gerði þingið tillögu um sama efni. Hefur hún að geyma ítarlegri ákvæði og hærri kröfur en samþykktin.

6. Málefni fiskimanna.

Í samræmi við ályktanir, sem gerðar voru á Alþjóðavinnumálaþinginu 1958 og 1959 var skipuð nefnd til þess að athuga og gera tillögur um málefni fiskimanna. Nefnd þessi kom saman til fundar árið 1962 og gerði tillögur um starfsþjálfun fiskimanna, hæfnisskírteini yfirmanna á fiskiskipum og vistarverur í fiskiskipum.

Að fengnum þessum tillögum ákvað stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að boða til sérstakrar ráðsefnu um þessi mál og var hún haldin í Genf í október 1965. Ráðstefnu þessa sátu fulltrúar 18 þjóða. Á ráðstefnunni voru gerðar ýmsar breytingar á textum þeim, sem fyrrgreind nefnd hafði samið, og gengið var frá uppkasti að tillögu um starfsþjálfun fiskimanna og samþykktum um hæfnisskírteini og vistarverur fiskimanna.

Síðan var ákveðið að taka þetta mál til endanlegrar afgreiðslu á þinginu 1966. Þar voru textar þeir, sem fyrrnefnd ráðstefna hafði gengið frá, samþykktir svo að segja óbreyttir, og gerði þingið tillögu og samþykktir um þessi mál sem hér segir:

a. Tillaga nr. 126 um starfsþjálfun fiskimanna (fylgiskjal V.).
b. Samþykkt nr. 125 um hæfnisskírteini fiskimanna (fylgiskjal I.).
c. Samþykkt nr. 126 um vistarverur í fiskiskipum (fylgiskjal II.).

Tillagan um starfsþjálfun hefur að geyma ítarlegar leiðbeiningar um það, hvernig haga skuli starfsþjálfun fiskimanna.

Samþykktin um hæfnisskírteini kveður á um kröfur þær, sem menn verða að uppfylla til þess að fá skírteini er leyfi þeim að vera skipstjórar, stýrimenn eða vélstjórar á fiskiskipum. Einnig hefur samþykktin að geyma ákvæði um það, að á fiskiskipum af tiltekinni stærð séu jafnan yfirmenn með tilskilin réttindi.

Í samþykktinni um vistarverur í fiskiskipum eru ákvæði um fyrirkomulag, staðsetningu og innréttingar þess rýmis, sem ætlað er áhöfn skips til afnota.

7. Meðferð á kærum og samskipti stjórenda fyrirtækis og starfsfólks.

Mál þetta var til umræðu á báðum þingunum og spunnust um það miklar umræður, en á síðara þinginu voru samþykktar tvær tillögur um þetta efni, sem prentaðar eru hér með sem fylgiskjöl VIII og IX.

Í síðar nefndu tillögunni eru aðildarríkin hvött til þess að koma í framkvæmd reglum, sem tryggi verkafólki rétt til að bera fram kvartanir yfir hvers konar aðgerðum eða aðstæðum á vinnustað, sem það telur gagnstætt lögum, samningum eða venju, og að slíkar kvartanir séu teknar til athugunar á viðeigandi hátt. Stuðla ber að því, að öll slík mál séu leyst innan hlutaðeigandi fyrirtækis. Hefur tillagan að geyma ítarlegar reglur um það, hvernig með þessi mál skuli fara.

Lagt er til að þessum reglum sé komið á með lögum, reglugerðum, heildarsamningum eða á annan hátt, sem samrýmist venjum í hverju landi.

Hin tillagan fjallar um samskipti stjórnenda og verkafólks innan fyrirtækja.

Aðalefni hennar er það, að hvetja atvinnurekendur og verkafólk svo og samtök þessara aðila til þess að gera sér ljósa nauðsyn þess að innan fyrirtækis ríki gagnkvæmur skilningur og traust og að það sé til hagsbóta fyrir báða aðila. Lögð er áherzla á það, að aðilar skiptist jafnan á upplýsingum eftir því sem unnt er um málefni, sem varða rekstur fyrirtækisins og atvinnumöguleika og velferðarmál starfsfólksins.

8. Hámarksþyngd byrða, sem verkamaður má bera.

Þetta mál var til umræðu á þinginu 1967 og var gerð um það bæði samþykkt og tillaga, sem eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl III. og VII.

Samþykktin kveður svo á, að enginn megi lyfta eða bera svo þunga byrði að hættulegt geti talizt heilsu hans eða öryggi. Hámarksþyngd sem leyfð er í þessu

sambandi skal vera verulega lægri að því er tekur til kvenna og unglinga innan 18 ára aldurs. Þá segir í samþykktinni að þeir sem þurfa að bera þungar byrðar eða lyfta þeim skuli njóta viðeigandi þjálfunar og leiðbeininga.

Aðildarríki, sem fullgildir samþykktina, skal gera ráðstafanir til að framfylgja henni með lögum, reglugerðum eða á annan hátt eftir því sem við á.

Tillagan, sem samþykkt var felur í sér ítarlegri ákvæði en samþykktin og nefnir auk þess fleiri atriði svo sem um læknisefirlit o. fl.

9. Bætt lífskjör og starfskjör leiguliða o. fl. í landbúnaði.

Þetta mál var til fyrri umræðu á þinginu 1967 og var gengið frá uppkasti að tillögu um það, sem skyldi lagt fyrir þingið 1968.

Tillaga þessi miðar að því að bæta kjör leiguliða og annars fólks í landbúnaði, sem er í svipaðri aðstöðu. Í tillögunni er fjallað um upphæð eftirgjalds, form og efni leigusamnings, ráðstafanir til að koma í veg fyrir vinnuskyldu leiguliða, útvegun lánsfjár með lágum vöxtum, tryggingar gegn uppskerubresti o. fl.

10. Alþjóðavinnumálastofnunin og tæknileg samvinna, þ. á m. hlutverk stofnunarinnar í iðnvæðingu þróunarlanda.

Um þetta mál gerði þingið tvær ályktanir.

Fjallar önnur þeirra um tæknilega samvinnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og vanþróaðra landa, en hin um hlutverk stofnunarinnar í iðnvæðingu þeirra. Ekki verður hér rakið efni þessara ályktana, en í þeim felst hvatning til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og aðildarríkja hennar til þess að veita aukna aðstoð til vanþróaðra ríkja.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 125 um hæfnisskírteini fiskimanna.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar saman komið til 50. þingsetu sinnar í Genf hinn 1. júní 1966 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar tillögur um hæfnisskírteini fiskimanna, sem er þáttur 6. dagskrármáls þingsins.

Þingið hefur tekið til athugunar samþykkt frá 1936 um hæfnisskírteini yfirmanna á skipum, sem kveður svo á, að á skipum, sem samþykktin tekur til, má enginn inna af hendi störf, sem skipstjóri, stýrimaður, sem annast vaktir, fyrsti vélstjóri eða vélstjóri, sem annast vaktir, nema hann hafi hæfnisskírteini til slíkra starfa útgefið eða viðurkennt af opinberu stjórnvaldi í landi, þar sem skipið er skráð.

Þingið telur að reynslan hafi sýnt að æskilegt sé að setja nánari alþjóðareglur um lágmarkskröfur um hæfnisskírteini til starfa á fiskiskipum.

Hefur þingið ákveðið að þessar reglur skuli settar í formi alþjóðasamþykktar og gerir því í dag, hinn 21. júní 1966, eftirfarandi samþykkt, sem nefnist samþykkt frá 1966 um hæfnisskírteini fiskimanna:

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Í þessari samþykkt tekur orðið „fiskiskip“ til allra skipa og báta, hverrar tegundar sem er og hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga, sem stunda fiskveiðar á sjó og skráð eru í landi þar sem samþykkt þessi er í gildi. Undanskilin eru þó:

a. Skip og bátar undir 25 brúttórúmlestum;
b. skip og bátar, sem stunda hvalveiðar eða svipaða starfsemi;
c. skip og bátar, sem eru notuð til sportveiða og hressingar;
d. skip, sem eru notuð til fiskirannsókna og fiskiverndar.

2. gr.

Að höfðu samráði við samtök útgerðarmanna og fiskimanna, þar sem þau eru til, getur hlutaðeigandi stjórnvald undanskilið ákvæðum þessarar samþykktar fiskiskip, sem stunda fiskveiðar nálægt landi, eins og það er skilgreint í lögum og reglugerðum.

3. gr.

Í þessari samþykkt hafa eftirtalin orð þá merkingu, sem hér segir:
a. Skipstjóri: maður, sem hefur á hendi stjórn fiskiskips;
b. stýrimaður: maður ,sem er næst æðsti stjórnandi fiskiskips, þ. á m. hver sá maður, annar en leiðsögumaður, sem á hverjum tíma má fela stjórn slíks skips,
c. vélstóri: maður, sem stöðugt er ábyrgur fyrir vélarafli fiskiskips.

II. KAFLI

Útgáfa skírteina.

4. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal ákveða hæfniskröfur, sem uppfylla verður til þess að fá hæfnisskírteini, er veiti mönnum réttindi til þess að starfa sem skipstjórar, stýrimenn eða vélstjórar á fiskiskipum.

5. gr.

1. Á sérhverju fiskiskipi, sem samþykkt þessi tekur til, skal vera skipstjóri með réttindum.
2. Á sérhverju fiskiskipi yfir 100 rúmlestir, sem stundar þær veiðar og á þeim svæðum, sem lög eða reglugerðir tiltaka, skal vera stýrimaður með réttindum.
3. Á sérhverju fiskiskipi með vélarafli yfir marki, sem ákveðið er af hlutaðeigandi stjórnvaldi að höfðu samráði við félagssamtök útgerðarmanna og fiskimanna, þar sem þau eru til, skal vera vélstjóri með réttindum. Skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi getur þó í vissum tilfellum verið vélstjóri, enda hafi hann vélstjóraréttindi.
4. Skírteini skipstjóra, stýrimanna og vélstjóra geta veitt fullkomin réttindi eða takmörkuð eftir stærð, gerð eða tegund fiskiskips eða eftir veiðiaðferðum eða veiðisvæðum, eftir því sem ákveðið er með lögum eða reglugerðum.
5. Hlutaðeigandi stjórnvald getur í einstökum tilfellum leyft fiskiskipi að láta úr höfn án þess að fullnægt sé að öllu leyti kröfum um réttindi áhafnar, ef það hefur gengið úr skugga um, að ekki sé unnt að fá menn með réttindi og að með tilliti til allra aðstæðna í hverju tilfelli sé óhætt að leyfa brottför skips.

6. gr.

1. Lágmarksaldur sá, sem tiltekinn er með lögum eða reglugerðum til þess að veita megi hæfnisskírteini, skal ekki vera lægri en:
   a. 20 ár fyrir skipstjóra;
   b. 19 ár fyrir stýrimann;
   c. 20 ár fyrir vélstjóra.
2. Þegar um er að ræða skipstjóra eða stýrimann á fiskiskipi, sem stundar fiskveiðar nálægt landi, eða vélstjóra á smáum fiskiskipum með vélarafl undir marki, sem ákveðið sé af hlutaðeigandi stjórnvaldi að höfðu samráði við félagssamtök útgerðarmanna og fiskimanna, þar sem þau eru til, má ákveða lágmarksaldurinn 18 ár.

7. gr.

Lágmark starfsreynslu, sem lög eða reglugerðir gera að skilyrði fyrir útgáfu hæfnisskírteinis stýrimanns, skal vera að minnsta kosti þriggja ára siglingatími við störf ofan þilja.

8. gr

1. Lágmark starfsreynslu, sem lög eða reglugerðir gera að skilyrði fyrir útgáfu hæfnisskírteinis skipstjóra skal vera að minnsta kosti fjögurra ára siglingatími við störf ofan þilja.
2. Að höfðu samráði við félagssamtök útgerðarmanna fiskiskipa og fiskimanna, þar sem þau eru til, getur hlutaðeigandi stjórnarvald krafizt þess að hluta af þessum tíma hafi hlutaðeigandi maður unnið sem fullgildur stýrimaður. Nú kveða landslög eða reglugerðir á um útgáfu hæfnisskírteina af mismunandi stigum, sem veita full eða takmörkuð réttindi handa skipstjórum fiskiskipa, og má þá á tilsvarandi hátt breyta kröfunum um tímann, sem hlutaðeigandi á að hafa starfað sem fullgildur stýrimaður eða kröfunum til skírteinisins, sem hann þarf að hafa á þeim tíma.

9. gr.

1. Lágmark starfsreynslu, sem lög eða reglugerðir gera að skilyrði fyrir útgáfu hæfnisskírteinis vélstjóra, skal vera að minnsta kosti þriggja ára siglingatími við störf í vélarrúmi.
2. Þegar um er að ræða skipstjóra með réttindum eða stýrimann, má ákveða skemmri siglingatíma.
3. Þegar um er að ræða þau smáu fiskiskip, sem um ræðir í 2. málsgrein 6. greinar þessarar samþykktar, getur hlutaðeigandi stjórnvald, að höfðu samráði við samtök útgerðarmanna fiskiskipa og fiskimanna, þar sem þau eru til, kveðið á um réttindavinnslutíma er sé 12 mánuðir starfs á sjó.
4. Vinnu í vélsmiðju má telja jafngilda sjómennsku að því er tekur til hluta þeirra réttindindavinnslutíma, sem kveðið er á um í 1.—3. málsgrein þessarar greinar.

10. gr.

Að því er tekur til manna, sem hafa lokið viðurkenndu námskeiði, má stytta starfstímann, sem ákveðinn er í 7., 8. og 9. grein þessarar samþykktar, um þann tíma, sem námskeiðið hefur tekið, þó ekki meira en um tólf mánuði.

III. KAFLI

Próf.

11. gr.

Með prófum, sem hlutaðeigandi stjórnvald skipuleggur og hefur eftirlit með, til þess að reyna það, hvort umsækjendur um hæfnisskírteini hafi nauðsynlega hæfni til þess að inna af höndum þau störf, sem um er að ræða, skulu umsækjendur sýna að þeir hafi þá þekkingu, sem hæfir þeirri tegund og því stigi skírteina, sem um er að ræða, á efnum svo sem —

a. þegar um er að ræða skipstjóra eða stýrimenn:
   (i) almenn siglingamálefni þ. á m. sjómennska, skipstjórn og öryggi á sjó og nægileg þekking á alþjóðareglum til varnar árekstrum á sjó;
   (ii) raunhæf siglingafræði, þ. á m. notkun rafeindatækja og vélbúnaðar við siglingar;
   (iii) öruggar vinnuaðferðir þ. á m. með tilliti til meðferðar veiðitækja;
b. að því er tekur til vélstjóra:
   (i) fræðileg þekking, rekstur, viðhald og viðgerðir á gufuvélum eða brennsluhreyflum og svipuðum hjálparvélum;

(ii) rekstur, viðhald og viðgerðir á kælikerfum, dælum, þilfarsvindum og öðrum vélabúnaði fiskiskipa þ. á m. áhrif á stöðugleika skips;
(iii) aðalreglur um rafkerfi skipa og viðhald og viðgerðir á rafmótorum og rafbúnaði fiskiskipa, og
(iv) tæknilegar öryggisráðstafanir og björgunarráðstafanir þ. á m. notkun björgunartækja og slökkvitækja.

12. gr.

Próf þau vegna útgáfu skipstjóra- eða stýrimannsskírteina, sem um ræðir í staflið (a) í 11. grein þessarar samþykktar, geta einnig tekið til eftirtalinna atriða:
a) tækni í fiskveiðum þ. á m., þar sem það á við, meðferð rafeindatækja til fiskileitar og meðhöndlun, viðhald og viðgerðir á veiðitækjum; og
b) geymslu, hreinsun og meðhöndlun fiskjar um borð í skipi.

13. gr.

Á þriggja ára tímabili frá gildistöku laga eða reglugerða, sem veita ákvæðum þessarar samþykktar gildi, má gefa út hæfnisskírteini til handa mönnum, sem ekki hafa lokið þeim prófum, sem um ræðir í 11. og 12. grein þessarar samþykktar, en hafa fengið nægilega reynslu í störfum, sem skírteinið tekur til og hefur ekki orðið á alvarleg tæknileg mistök í þeim.

IV. KAFLI

Framkvæmdareglur.

14. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum reglugerða, sem veita ákvæðum samþykktarinnar gildi.
2. Með lögum eða reglugerðum, sem veita ákvæðum þessarar samþykktar gildi, skal kveða á um það, hvenær stjórnvöld aðildarríkis geti kyrrsett skip, sem skrásett eru í landi þess, vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum.

15. gr.

1. Með lögum eða reglugerðum, sem veita ákvæðum þessara samþykkta gildi, skal kveða á um refsingar eða önnur viðurlög við brotum á lögum þessum eða reglugerðum.
2. Sérstaklega skal kveða á um slíkar refsingar eða viðurlög í þeim tilvikum að:
   a) útgerðarmaður fiskiskips, umboðsmaður hans eða skipstjóri hefur ráðið mann, sem ekki hefur þau réttindi, sem krafizt er;
   b) maður hefur með svikum eða fölskum skilríkjum fengið sig ráðinn til starfa, sem sérstök réttindi þarf til að gegna, án þess að hafa í höndum viðeigandi skírteini.

V. KAFLI

Lokaákvæði.

16. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

17. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

18. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

19. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

20. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

21. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

22. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 18. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
   b. aðildarríkjum er ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

23. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Samþykkt nr. 126 um vistarverur í fiskiskipum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 50. þingsetu sinnar í Genf hinn 1. júní 1966, samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur um vistarverur í fiskiskipum, sem er sjötta mál á dagskrá þingsins, og þar eð þingið hefur ákveðið að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, hinn 21. júní 1966 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um vistarverur skipshafna (fiskimenn) 1966:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra vélknúinna sjóskipa og báta, hverrar tegundar sem þau eru, hvort sem þau eru í eigu einstaklinga eða hins opinbera, ef þau stunda fiskveiðar á sjó og eru skráð í landi þar sem þessi samþykkt er í gildi.
2. Lög eða reglugerðir einstakra ríkja skulu kveða á um það, hvenær skip og bátar skuli telin sjóskip í merkingu þessarar samþykktar.
3. Þessi samþykkt tekur ekki til skipa og báta, sem eru undir 75 lestum. Þó skal beita samþykktinni um skip og báta milli 25 og 75 lesta þegar hlutaðeigandi stjórnvald ákveður, að höfðu samráði við félagssamtök útgerðarmanna og fiskimanna, þar sem þau eru til, að slíkt sé hentugt og eðlilegt.
4. Að höfðu samráði við félagssamtök útgerðarmanna og fiskimanna, þar sem þau eru til, getur hlutaðeigandi stjórnvald notað lengd skips í stað lestatölu sem mælikvarða að því er tekur til þessarar samþykktar, en þá tekur samþykktin ekki til skipa og báta, sem eru styttri en 80 fet (24.4 metrar). Samþykktin skal þó taka til skipa og báta, sem eru milli 45 og 80 fet (13.7 og 24.4 metrar) á lengd þegar hlutaðeigandi stjórnvald ákveður, að höfðu samráði við félagssamtök útgerðarmanna og fiskimanna, þar sem þau eru til, að slíkt sé hentugt eða eðlilegt.
5. Þessi samþykkt tekur ekki til:
   a. skipa og báta, sem venjulega eru notuð til skemmtiveiða;
   b. skipa og báta sem aðallega eru knúin seglum, en hafa hjálparvélar;
   c. skipa og báta sem stunda hvalveiðar eða hliðstæða starfsemi;
   d. skipa, sem annast fiskirannsóknir eða fiskivernd.
6. Eftirfarandi ákvæði þessarar samþykktar taka ekki til skipa, sem venjulega eru ekki lengur í burtu frá heimahöfn en 36 stundir og skipshöfnin býr ekki að staðaldri um borð þegar skip er í höfn:
   a. 4. mgr. 9. greinar;
   b. 10. grein;
   c. 11. grein;
   d. 12. grein;
   e. 1. mgr. 13. greinar;
   f. 14. grein;
   g. 16. grein.

   Í slíkum skipum skulu þó gerðar nægilegar heilbrigðisráðstafanir og þar skulu og vera fyrir hendi aðstæður til matseldar og neyzlu máltíða svo og til hvíldar.
7. Víkja má frá ákvæðum III. kafla þessarar samþykktar ef hlutaðeigandi stjórnvald, að höfðu samráði við félagssamtök útgerðarmanna og fiskimanna, þar sem þau eru til, telur sannað að fyrirhuguð frávik hafi í för með sér tilsvarandi

kosti, þannig að kjörin í heild verða ekki lakari en þau mundu vera ef ákvæðum samþykktarinnar væri beitt að fullu. Hlutaðeigandi aðildarríki skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ítarlegar upplýsingar um öll slík frávik, en hann skal tilkynna það aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

2. gr.

Í þessari samþykkt merkir —

a. „fiskiskip" eða „skip" skip eða bát, sem samþykktin tekur til;
b. „lest" brúttórúmlest;
c. „lengd" lengdina mælda frá fremri brún stefnis í hæðarlínu framþilfars að aftari brún, afturstefnis eða að fremri brún stýrisleggs, þegar ekki er neitt afturstefni;
d. „yfirmaður" mann, annan en skipstjóra, sem talinn er yfirmaður samkvæmt lögum eða reglugerðum, eða samkvæmt heildarsamningum eða venju, ef slík lög eða reglugerðir eru ekki fyrir hendi;
e. „undirmaður" skipverja, sem ekki er yfirmaður;
f. „vistarverur skipverja" þau svefnrými, borðsali og hreinlætisbúnað, sem eru til afnota fyrir áhöfnina;
g. „tiltekinn" tiltekinn í lögum eða reglugerðum eða af hlutaðeigandi stjórnvaldi;
h. „viðurkennt" viðurkennt af hlutaðeigandi stjórnvaldi;
i. „endurskráð" endurskráð vegna samtímis breytingar á skráningarumdæmi og eignaryfirráðum skipsins.

3. gr.

1. Sérhvert ríki, sem samþykkt þessi tekur til, skuldbindur sig til þess að hafa í gildi lög eða reglugerðir, sem tryggja framkvæmd ákvæða II., III. og IV. kafla þessarar samþykktar.
2. Í lögum þessum eða reglugerðum skal:
   a. skylda hlutaðeigandi stjórnvald til þess að koma þeim til vitundar þeirra, sem hlut eiga að máli;
   b. tiltaka þá aðila, sem sjá skuli um framkvæmd þeirra;
   c. kveða á um að haldið sé uppi eftirlitskerfi, sem tryggi raunhæfa framkvæmd;
   d. kveða á um hæfileg viðurlög við brotum á þeim;
   e. skylda hlutaðeigandi stjórnvald til þess að ráðgast á tilteknum fresti við samtök útgerðarmanna og fiskimanna, þar sem þau eru til, um setningu reglugerða, og eftir því sem unnt er að hafa samvinnu við þessa aðila um samningu reglugerða og framkvæmd þeirra.

II. KAFLI

Skipulagning á vistarverum skipverja og eftirlit.

4. gr.

Áður en bygging fiskiskips er hafin, og áður en verulegar breytingar eru gerðar á vistarverum skipverja í eldri skipum, skulu nákvæmar teikningar af vistarverum skipverja, og upplýsingar um þær lagðar fyrir hlutaðeigandi sjórnvald til samþykktar.

5. gr.

1. Jafnan þegar eftirtalin atvik gerast skal hlutaðeigandi stjórnvald skoða skip og fullvissa sig um að vistarverur skipverja fullnægi kröfum laga og reglugerða:
   a. þegar skip er skráð eða endurskráð,
   b. þegar vistarverum skipverja hefur verið verulega breytt eða þær endurbyggðar,
   c. þegar viðurkennt félag fiskimanna, sem fer með umboð hluta áhafnar eða hennar allrar, eða tiltekinn fjöldi eða hluti skipsmanna kæra til hlutaðeigandi stjórnvalds yfir því, að vistarverur skipverja séu ekki í samræmi við

ákvæði þessarar samþykktar, enda sé kæra borin fram á tilskilinn hátt og svo tímanlega að ekki valdi töfum á ferð skipsins.

2. Skoðanir á tilteknum fresti er hægt að framkvæma eftir því sem hlutaðeigandi stjórnvald telur nauðsynlegt.

III. KAFLI

Kröfur um vistarveru skipverja.

6. gr.

1. Staðsetning vistarvera skipverja, aðgangur að þeim, gerð þeirra og fyrirkomulag skal með hliðsjón af öðrum hlutum skips vera þannig, að tryggt sé nægilegt öryggi, vörn fyrir veðri og sjó og einangrun gegn hita eða kulda, miklum hávaða, óþef eða útgufun frá öðru skipsrými.
2. Neyðarútgangur skal vera frá öllum vistarverum skipverja eftir því, sem nauðsyn krefur.
3. Svo sem unnt er skal forðazt að opið sé inn í svefnrými frá fisk- eða fiskimjölslestum, vélarúmi, eldhúsi, ljósfæra- eða málningargeymslum, áhaldageymslum, þurrkherbergjum, sameiginlegum þvottaherbergjum eða salernum. Skilveggir milli þessara rýma og svefnrýmis svo og útveggir, skulu traustbyggðir úr stáli eða öðru viðurkenndu efni og vera vatns- og gasþéttir.
4. Útveggir svefnrýmis og matsala skulu vera tilhlýðilega einangraðir. Allar úthliðar vélarrýmis, eldhúsa og annars rýmis, þar sem hiti myndast, skulu vera tilhlýðilega einangraðar ef hætta er á því að hita frá þeim valdi óþægindum í nærliggjandi vistarverum eða göngum. Einnig skal gera ráðstafanir til varnar gegn hita frá gufu- og heitavatnsleiðslum.
5. Innþiljur skulu vera úr viðurkenndu efni, sem ekki er móttækilegt fyrir meindýr.
6. Svefnrými, matsalir, setusalir og gangar í vistarverum skipverja skal vera tilhlýðilega einangrað til þess að koma í veg fyrir raka og ofhitun.
7. Meiriháttar gufuleiðslur og útblásturleiðslur fyrir vindur og svipuð tæki skulu, ef það er tæknilega mögulegt, ekki liggja um vistarverur skipverja eða ganga, sem liggja að þeim. Ef slíkar leiðslur liggja um vistarverur eða ganga, skulu þær tilhlýðilega umbúnar og einangraðar.
8. Innþiljur skulu vera úr efni, sem auðvelt er að halda hreinu. Eigi skal nota plægð borð né annað efni, sem líklegt er að meindýr setjist að í.
9. Hlutaðeigandi stjórnvald skal ákvarða hverra ráðstafana til eldvarna skuli krafizt við smíði á vistarverum.
10. Yfirborð veggja og lofts í svefnklefum og matsölum skal vera auðvelt í hreinsun, og sé það málað skal það vera í ljósum lit. Það má ekki vera kalkað.
11. Veggfleti skal endurnýja og bæta eftir þörfum.
12. Gólf í öllum vistarverum skipverja skulu vera úr viðurkenndu efni og af viðurkenndri gerð og yfirborð þeirra skal vera þannig að það dragi ekki í sig raka og auðvelt sé að halda þeim hreinum.
13. Opin þilför yfir vistarverum skipverja skulu klædd með timbri eða álíka góðu einangrunarefni.
14. Þegar gólf er lagt með efnablöndu skal tenging þess við veggi vera íhvolf til þess að koma í veg fyrir sprungur.
15. Séð skal fyrir nægilegu afrennsli.
16. Allar tiltækar ráðstafanir skulu gerðar til varnar því að flugur og önnur skordýr komizt í vistarverur skipverja.

7. gr.

1. Svefnklefar og matsalir skulu vera nægilega loftræstir.
2. Loftræstingarkerfið skal vera hægt að stilla þannig að loftið haldist gott og loftræstingin sé nægileg í hvers konar veðri og loftslagi.

3. Skip, sem eru í förum í hitabeltinu og á öðrum svæðum með svipuðu loftslagi skulu búin bæði loftræstikerfi og rafmagnsviftum eftir því, sem aðstæður krefja, þó þarf ekki að nota nema aðra tegundina þar sem hún nægir til góðrar loftræstingar.
4. Skip, sem eru í förum á öðrum svæðum, skulu búin annað hvort loftræstikerfi eða rafmagnsviftum. Hlutaðeigandi stjórnvald getur veitt undanþágu frá þessari kröfu fyrir skip, sem venjulega eru í förum á hinum köldu höfum á suður- eða norðurhvcli jarðar.
5. Hreyfiafl fyrir loftræstingarbúnað, sem krafizt er í 3. og 4. tölulið þessarar greinar skal, eftir því sem við verður komið, vera jafnan fyrir hendi þegar skipshöfn dvelur eða vinnur á skipsfjöl og þess er þörf.

8. gr.

1. Í vistarverum skipverja skal vera hitakerfi er fullnægjandi sé með tilliti til loftlags.
2. Þegar því verður við komið og þess er þörf, skal hitakerfi vera jafnan í gangi þegar skipshöfn dvelur eða vinnur á skipsfjöl.
3. Upphitun með opnum eldi skal bönnuð.
4. Hitakerfið skal geta haldið hitanum í vistarverum skipverja hæfilegum við þau veðurskilyrði og loftslag, sem búast má við í ferðum skips. Hlutaðeigandi stjórnvald skal setja nánari reglur um þetta atriði.
5. Ofnum og öðrum hitatækjum skal þannig fyrir komið og, eftir því sem nauðsyn krefur, þannig varin og búin öryggisbúnaði, að ekki stafi af þeim eldhætta eða óþægindi fyrir íbúana.

9. gr.

1. Allt skipsrými, sem ætlað er skipshöfn, skal nægilega lýst. Það skal vera lágmarkskrafa um dagsbirtu í setustofum að maður með eðlilega sjón geti á björtum degi lesið venjulegt dagblað hvar sem er í stofunni. Þegar ekki er unnt að veita nægilega dagsbirtu skal séð fyrir annarri lýsingu, sem fullnægi nefndri lágmarkskröfu.
2. Raflýsing skal vera í öllum skipum, ef það er mögulegt. Ef ekki eru tveir sjálfstæðir raforkugjafar til ljósa skal komið fyrir aukalýsingu með viðeigandi lömpum eða ljósatækjum til notkunar í neyð.
3. Raflýsingu skal þannig fyrir komið að hún komi að sem beztum notum fyrir þá, sem í vistarverunni búa.
4. Auk venjulegrar lýsingar í svefnklefa, skal vera lesljós við hverja rekkju.
5. Að næturlagi skal einnig vera stöðugt blátt ljós í svefnklefum.

10. gr.

1. Svefnklefar skulu vera miðskipa eða aftur á. Hlutaðeigandi stjórnvald getur í einstökum tilfellum leyft að hafa svefnklefa í framhluta skips ef útilokað eða óeðlilegt er að hafa þá annars staðar vegna stærðar, gerðar eða fyrirhugaðrar notkunar skips. Aldrei mega þeir þó vera fyrir framan stafnskilju.
2. Gólfflöturinn í svefnklefum — fyrir utan það sem fer undir rekkjur og skápa — skal ekki vera minni en hér segir á hvern íbúa:

a. Í skipum 25— 50 rúmlestir	5.4 ferfet	(0.5 m²)
b. Í skipum 50—100 rúmlestir	8.1 ferfet	(0.75 m²)
c. Í skipum 100—250 rúmlestir	9.7 ferfet	(0.9 m²)
d. Í skipum 250 rúmlestir og þar yfir	10.8 ferfet	(1.0 m²)

3. Nú hefur hlutaðeigandi stjórnvald ákveðið í samræmi við 4. mgr. 1. greinar þessarar samþykktar að lengd skips skuli notuð sem mælikvarði í þessari samþykkt og skal þá gólfflötur í svefnklefum — fyrir utan þann hluta, sem fer undir rekkjur og skápa — ekki vera minni en hér segir á hvern íbúa:

a. Í skipum 45 fet (13.7 m) til 65 fet (19.8 m) á lengd .. 5.4 ferfet (0.5 m^2)
b. Í skipum 65 fet (19.8 m) til 88 fet (26.8 m) á lengd .. 8.1 ferfet (0.75 m^2)
c. Í skipum 88 fet (26.8 m) til 115 fet (35.1 m) á lengd . 9.7 ferfet (0.9 m^2)
d. Í skipum 115 fet (35.1 m) á lengd og þar yfir ..... 10.8 ferfet (1.0 m^2)

4. Lofthæð í svefnklefum skipverja skal ekki vera minni en 6 fet og 3 tommur (1.90 m), sé það mögulegt.
5. Svefnklefar skulu vera nægilega margir til þess að hver starfshópur hafi einn eða fleiri klefa fyrir sig. Hlutaðeigandi stjórnvald getur slegið af þessari kröfu ef um smá skip er að ræða.
6. Í hverjum svefnklefa mega ekki vera fleiri menn en hér segir:
   a. Yfirmenn: einn maður í klefa, verði því við komið, og aldrei fleiri en tveir;
   b. undirmenn: tveir eða þrír, verði því við komið, og aldrei fleiri en hér segir:
      I. fjórir menn á skipum, sem eru 250 lestir eða meira,
      II. sex menn á skipum, sem eru undir 250 lestum að stærð.
7. Nú hefur hlutaðeigandi stjórnvald ákveðið í samræmi við 4. mgr. 1. greinar þessarar samþykktar að lengd skips skuli notuð sem mælikvarði í samþykktinni og skal þá ekki leyfilegt að hafa saman í klefa fleiri undirmenn en hér segir:
   a. fjóra menn á skipum sem eru 115 fet (35.1 m) eða meira á lengd;
   b. sex menn á skipum, sem eru minni en 115 fet (35.1 m) á lengd.
8. Hlutaðeigandi stjórnvald getur veitt undanþágur frá kröfunum í 6. og 7. tölulið í einstökum tilvikum ef það er ómögulegt eða ósanngjarnt að framfylgja þeim vegna stærðar, gerðar eða fyrirhugaðrar notkunar skips.
9. Hámarkstala manna, sem vera mega saman í hverjum svefnklefa, skal á skýran og haldgóðan hátt skráð á þeim stað í klefanum þar sem hún auðveldlega sést.
10. Sérhver skipverji skal hafa rekkju fyrir sig.
11. Rekkjur skulu ekki vera hlið við hlið þannig að ekki sé hægt að komast í aðra án þess að fara yfir hina.
12. Rekkjur skulu ekki vera í meira en tveimur hæðum. Nú eru rekkjur meðfram skipshliðinni og skulu þær þá vera í einni hæð þar sem kýrauga er yfir rekkju.
13. Ef rekkjur eru í tveimur hæðum, skal neðri rekkjan ekki vera minna en 12 tommur (0.30 m) frá gólfi. Efri rekkjan skal vera sem næst mitt á milli botns neðri rekkju og neðri brúnar loftbita.
14. Minnsta innanmál rekkju skal, þar sem því verður við komið, vera 6 fet og 3 tommur sinnum 2 fet og 3 tommur (1.90 m sinnum 0.68 m).
15. Rekkjur skulu gerðar úr viðurkenndu efni, hörðu, sléttu, sem ekki er hætt við að tærist eða meindýr setjist að í.
16. Ef pípur eru notaðar í rekkjur skal þeim vandlega lokað svo að meindýr komist ekki inn í þær.
17. Allar rekkjur skulu vera með fjaðradýnum úr viðurkenndu efni eða með fjaðrabotni og dýnu úr viðurkenndu efni. Í dýnur skal ekki nota hálm eða önnur efni, sem meindýr geta setzt að í.
18. Þegar rekkja er yfir annarri, skal sú efri vera með rykþéttum botni úr tré, striga eða öðru hæfu efni.
19. Svefnklefar skulu þannig gerðir og búnir að þeir veiti íbúunum eðlileg þægindi og auðvelt sé að hafa snyrtilegt í þeim.
20. Meðal húsgagna skal vera fataskápur fyrir hvern mann með hespu fyrir, hengilás og stöng til þess að hengja á föt á herðatrjám. Hlutaðeigandi stjórnvald skal sjá um að skápurinn sé eins rúmgóður og unnt er.
21. Í hverjum svefnklefa skal vera borð eða skrifborð, sem verið getur fast, útdregið eða hægt að leggja að vegg, og þægileg sæti eftir þörfum.
22. Húsgögnin skulu vera úr sléttu, hörðu efni, sem ekki er líklegt að verpist, tærist eða meindýr setjist að í.

23. Í innréttingunni skal vera skúffa eða álíka pláss fyrir hvern íbúa og skal það ef mögulegt er ekki vera minna en 2 rúmfet (0.056 m^3).
24. Í svefnklefum skal vera gluggatjöld fyrir kýraugum.
25. Í svefnklefum skal vera spegill, smáskápur fyrir snyrtiáhöld, bókahilla og nægilega margir fatasnagar.
26. Eftir því sem unnt er skal skipun manna í svefnpláss vera þannig að vaktir séu aðskildar og að engir dagvinnumenn séu í klefum með vaktamönnum.

11. gr.

1. Í öllum skipum með meira en tíu manna áhöfn skal vera matsalur aðskilinn frá svefnrými. Þar sem því verður við komið skal matsalur einnig vera í skipum, sem hafa fámennari áhöfn, en sé það ekki unnt, má matsalur og svefnrými vera sameiginlegt.
2. Í skipum, sem stunda veiðar á úthöfum og hafa meira en 20 manna áhöfn, getur verið sérstakur matsalur fyrir skipstjóra og yfirmenn.
3. Að stærð og búnaði skal hver matsalur fullnægja þeim fjölda manna, sem líklegt er að noti hann samtímis.
4. Í matsölum skulu vera borð og viðurkennd sæti, er nægi þeim fjölda manna, sem nota hann samtímis.
5. Matsalir skulu vera eins nálægt eldhúsi og unnt er.
6. Þegar ekki er innangengt í búr úr matsal skulu vera nægilegir skápar fyrir borðbúnað og aðstaða til uppþvotta.
7. Borðplötur og sæti skulu vera úr efni, sem ekki dregur í sig raka, er sprungulaust og auðvelt að halda hreinu.
8. Þar sem því verður við komið, skulu matsalir vera þannig gerðir og búnir að húsgögnum og öðru að þar sé aðstaða til hvíldar.

12. gr.

1. Í öllum skipum skal vera nægilegur búnaður til hreinlætis þ. á m. handlaugar, baðker og/eða steypiböð.
2. Fyrir þá skipsmenn, sem ekki búa í klefum með hreinlætistækjum, skulu, þegar unnt er að koma því við, vera hreinlætistæki fyrir hvern starfshóp skipshafnar í þeim mæli sem hér segir:
   a. eitt baðker og/eða steypibað fyrir hverja átta menn eða færri;
   b. eitt vatnssalerni fyrir hverja átta menn eða færri;
   c. ein handlaug fyrir hverja 6 menn eða færri.

   Nú fer tala manna í starfshópi fram úr heilu margfeldi af nefndum tölum um tölu, sem er ekki helmingur þeirra, og þarf þá ekki að taka tillit til þeirrar umframtölu að því er tekur til þessarar greinar.
3. Kalt og heitt ferskvatn, eða möguleiki til að hita vatn, skal vera í öllum sameiginlegum baðklefum. Í samráði við útgerðarmenn fiskiskipa og félög fiskimanna, þar sem þau eru, getur hlutaðeigandi stjórnvald ákveðið hve mikið ferskvatn skal ætla hverjum manni á dag hið minnsta.
4. Handlaugar og baðker skulu vera hæfilega stór og gerð úr viðurkenndu efni með sléttu yfirborði, sem ekki er hætt við að springa, flagna eða tærast.
5. Frá öllum salernum skal vera loftrás út undir bert loft aðskilin frá öllum öðrum vistarverum.
6. Hreinlætistæki á vatnssalernum skulu vera af viðurkenndri gerð og nægilegt vatn skal vera til skolunar hvenær sem er og því stjórnað sérstaklega fyrir hvert tæki.
7. Leiðslur fyrir úrgang og skolp skulu vera nægilega víðar og þannig gerðar að sem minnst hætta sé á stíflun og auðvelt sé að hreinsa þær. Þær skulu ekki liggja í gegnum ferskvatns- eða drykkjarvatnsgeyma og ekki skulu þær heldur liggja með loftum í matsölum eða svefnklefum ef hægt er að komast hjá því.

8. Hreinlætistæki, sem ætluð eru fleirum en einum manni, skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:
   a. Gólf skulu vera úr viðurkenndu haldgóðu efni, sem auðvelt er að hreinsa, dregur ekki í sig raka og þau skulu vera með nægilegu afrennsli.
   b. Þiljur skulu vera úr stáli eða öðru viðurkenndu efni og vera vatnþéttar a. m. k. 9 tommur (0.23 m) upp frá þilfari.
   c. Klefarnir skulu hafa nægilega lýsingu, upphitun og ræstingu.
   d. Vatnssalarni skulu þægilega staðsett gagnvart svefnklefum og baðklefum, en aðskilin frá þeim og ekki skal vera innangengt í þau úr svefnklefum eða göngum, sem eru milli svefnklefa og salerna og ekki hafa annan inngang. Þetta skilyrði á þó ekki við þegar vatnssalerni er milli tveggja svefnklefa, sem ekki fleiri en fjórir menn búa í samtals.
   e. Þegar fleiri en eitt salerni er í sama klefa skal vera skilrúm á milli þeirra til aðgreiningar.
9. Aðstaða skal vera til þess að þvo og þurrka föt og skal hún miðast við stærð áhafnar og hversu langan tíma ferðir skipsins venjulega taka.
10. Til fataþvottar skulu vera viðeigandi vaskar með niðurfalli, sem vera mega í baðklefum ef ekki er unnt með góðu móti að koma fyrir sérstökum þvottaklefum. Við vaskana skulu vera leiðslur fyrir nægilegt kalt ferskvatn svo og heitt ferskvatn eða tæki til að hita vatn.
11. Aðstaða skal vera til að þurrka fatnað í sérstöku rými aðskildu frá svefnklefum, matsölum og salernum, skal það vera upphitað og með snúrum eða öðrum búnaði til þess að hengja upp föt.

13. gr.

1. Þar sem því verður við komið, skal vera sérstakur klefi fyrir skipsmann, sem er veikur eða slasaður. Í skipum yfir 500 smálestir skal vera sjúkraklefi. Nú hefur hlutaðeigandi stjórnvald ákveðið í samræmi við 4. mgr. 1. greinar þessarar samþykktar að lengd skips skuli notuð sem mælikvarði í samþykktinni og skulu þá vera sjúkraklefar í skipum, sem eru 150 fet (45.7 m) eða þar yfir.
2. Í öllum skipum, sem ekki hafa lækni, skulu vera viðurkennd lyfjaskrín með auðskildum leiðbeiningum. Í þessu sambandi skal hlutaðeigandi stjórnvald gefa gaum að Tillögu frá 1958 um lyfjaskrín og Tillögu frá 1958 um læknisráð til skipa.

14. gr.

Vera skal lofræst rúm til þess að hengja upp olíufatnað utan svefnklefa en aðgengilegt frá þeim.

15. gr.

Vistarverum skipverja skal haldið hreinum og vistlegum. Í þeim má ekki geyma vörur eða hluti, sem ekki eru eign íbúanna.

16. gr.

1. Í skipum skulu vera nægileg áhöld til matseldar og þar sem því verður við komið skulu þau vera í sérstöku eldhúsi.
2. Eldhús skal vera hæfilega stórt, vel lýst og loftræst.
3. Í eldhúsi skulu vera eldunartæki, nauðsynlegir skápar og hillur, vaskar og diskarekki úr ryðfríu efni og fullnægjandi niðurfall. Drykkjarvatn skal leitt í pípum í eldhús. Ef vatn er leitt með þrýstingi skal kerfið búið vörn gegn afturrennsli. Ef ekki er heitt rennandi vatn í eldhúsi skal þar vera áhald til hitunar vatns.
4. Eldhús skal þannig búið að ávallt sé hægt að veita skipshöfn heita drykki.
5. Í skipi skal vera nægilega stór matvælageymsla, sem hægt er að halda þurri, kaldri og með góðri loftræstingu svo að matvælin skemmist ekki. Þar sem nauðsyn ber til, skulu vera kæliskápar eða aðrar kaldar geymslur.
6. Þegar gas er notað til eldunar skulu gashylkin vera úti á þilfari.

IV. KAFLI
Ákvæði um eldri skip.

17. gr.

1. Ákvæði þessarar samþykktar taka til skipa, sem kjölur er lagður að eftir gildistöku hennar í skráningarlandinu, sbr. þó ákvæði 2., 3. og 4. töluliðs þessarar greinar.
2. Nú er skip fullsmíðað þegar samþykkt þessi gengur í gildi í skráningarlandi þess og það fullnægir ekki kröfum III. kafla samþykktarinnar og getur þá hlutaðeigandi stjórnvald að höfðu samráði við samtök útgerðarmanna fiskiskipa og fiskimanna, þar sem þau eru til, krafizt þeirra breytinga á skipinu til samræmis við kröfur samþykktarinnar, sem það telur mögulegar með tillit til þeirra raunhæfu vandkvæða, sem á því eru og skulu þær gerðar þegar:
   a. skip er endurskráð,
   b. meiri háttar breytingar eða viðgerðir á skipinu fara fram samkvæmt áætlun til langs tíma, en ekki vegna slyss eða neyðartilviks.
3. Nú er skip í smíðum eða endurbyggingu þegar samþykkt þessi gengur í gildi í skráningarlandi þess og getur þá hlutaðeigandi stjórnvald að höfðu samráði við samtök útgerðarmanna og fiskimanna, þar sem þau eru til, krafizt þeirra breytinga til samræmis við kröfur samþykktarinnar, sem það telur mögulegar með tilliti til þeirra vandkvæða, sem því eru samfara. Slíkar breytingar skulu taldar fullnægja endanlega kröfum samþykktarinnar nema skipið verði endurskráð og þá þangað til.
4. Nú er um það að ræða að skip — annað en um ræðir í 2. og 3. tölulið þessarar greinar, eða ákvæði samþykktar þessarar tóku til meðan það var í smíðum — er endurskráð eftir að samþykktin gekk í gildi í landinu, sem það er endurskráð í, og getur þá hlutaðeigandi stjórnvald, að höfðu samráði við samtök útgerðarmanna og sjómanna, þar sem þau eru til, krafizt breytinga til samræmis við kröfur samþykkarinnar eftir því sem það telur mögulegt með tilliti til þeirra raunhæfu vandkvæða, sem á því eru. Slíkar breytingar skulu taldar fullnægja endanlega kröfum samþykktarinnar nema skipið verði endurskráð á ný og þá til þess tíma.

V. KAFLI
Lokaákvæði.

18. gr.

Ekkert í samþykkt þessari hefur áhrif á nein lög, úrskurði, venju eða samkomulag milli útgerðarmanna og fiskimanna, sem tryggja hagstæðari kjör en þau, sem kveðið er á um í þessari samþykkt.

19.—26. gr.

Samhljóða 16.—23. gr. í Samþykkt nr. 125 hér að framan.

Fylgiskjal III.

Samþykkt nr. 127 um hámarksþyngd þess, sem verkamaður má bera.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 51. þingsetu sinnar í Genf hinn 7. júní 1967, samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur samþykkt ákveðnar tillögur um hámarksþyngd, sem einn verkamaður má bera, en það er sjötta mál á dagskrá þingsins, og þar sem það hefur ákveðið að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag hinn 28. júní 1967 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um hámarksþyngd 1967:

1. gr.

Í samþykkt þessari merkir:

a. „flutningur byrða með handafli“ hvers konar flutning þar sem þungi byrðarinnar er borinn af einum verkamanni, það tekur og til þess að lyfta byrðinni og láta hana niður;
b. „reglulegur flutningur byrða með handafli“ sérhverja starfsemi, sem samfellt eða aðallega er fólgin í flutningi byrða með handafli eða venjulega felur í sér slíka vinnu enda þótt það sé ekki nema annað veifið;
c. „ungur verkamaður“ mann innan 18 ára aldurs.

2. gr.

1. Þessi samþykkt tekur til regluglegra flutninga byrða.
2. Þessi samþykkt tekur til allra þeirra greina atvinnulífsins, sem vinnueftirlitið tekur til í hverju landi.

3. gr.

Hvorki má krefjast þess né leyfa að verkamaður beri byrði, sem er svo þung að hættulegt geti verið heilsu hans eða öryggi.

4. gr.

Við framkvæmd ákvæðis 3. greinar, skulu aðildarríkin taka tillit til aðstæðna við framkvæmd verksins.

5. gr.

Sérhvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að sérhver verkamaður, sem vinnur við flutninga með handafli á byrðum, öðrum en léttum byrðum, fái fyrirfram viðeigandi þjálfun og leiðbeiningar í vinnuaðferðum til þess að vernda heilsu hans og koma í veg fyrir slys.

6. gr.

Nota skal svo sem framast er unnt viðeigandi hjálpartæki til þess að takmarka eða létta flutninga með handafli.

7. gr.

1. Takmarka skal vinnu kvenna og ungra verkamanna við flutninga byrða með handafli nema um léttar byrðar sé að ræða.
2. Ef konur eða ungir verkamenn vinna við flutninga byrða með handafli, skal hámarksþyngd byrðanna vera verulega lægri en sú, sem ákveðin er fyrir fullorðna karlmenn.

8. gr.

Sérhvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að framfylgja ákvæðum þessarar samþykktar. Skal það gert með lögum eða reglugerðum eða öðrum þeim hætti, sem hæfir í hverju landi, og í samráði við aðalsamtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna.

9.—16. gr.

Samhljóða 16.—23. gr. í Samþykkt nr. 125 hér að framan.

Fylgiskjal IV.

Samþykkt nr. 128 um örorku-, elli- og eftirlifendabætur.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar saman komið til 51. þingsetu sinnar í Genf hinn 7. júní 1967 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar tillögur um breytingar á Samþykkt frá 1933 um ellitryggingar iðnaðarfólks o. fl., Samþykkt frá 1933 um ellitryggingar landbúnaðarfólks, Samþykkt frá 1933 um örorkutryggingar iðnaðarfólks o. fl., Samþykkt frá 1933 um örorkutryggingar landbúnaðarfólks, Samþykkt frá 1933 um eftir-

lifendatryggingar iðnaðarfólks o. fl. og Samþykkt frá 1933 um eftirlifendatryggingar landbúnaðarfólks, en þetta var 4. mál á dagskrá þingsins.

Þar sem þingið hefur enn fremur ákveðið að þessar tillögur skuli vera í formi alþjóðasamþykktar gerir það í dag, hinn 29. júní 1967 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt frá 1967 um elli-, örorku- og eftirlifendabætur:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Í samþykkt þessari:

a. tekur orðið „löggjöf" til allra reglna um almannatryggingar, auk laga og reglugerða;
b. merkir orðið „tiltekið" þar, sem ákveðið er í lögum eða með heimild í lögum;
c. tekur orðið „atvinnufyrirtæki" til fyrirtækja í eftirtöldum starfsgreinum: námurekstur og grjótnám, verksmiðjurekstur, byggingastarfsemi, þjónustustarfsemi, sem sér fyrir rafmagni, gasi, vatni og hreinlætisþjónustu, svo og flutningar, geymsla á vörum og samgöngur;
d. merkir orðið „búseta" venjulegan dvalarstað í landi aðildarríkisins og orðið „íbúi" þann mann, sem að staðaldri dvelur í landi aðildarríkisins;
e. merkja orðin „á framfæri" það ástand að maður er öðrum háður um framfærslu og ætla má að það ástand sé fyrir hendi í ákveðnum tilvikum;
f. merkir orðið „eiginkona" þá konu, sem framfærð er af manni sínum;
g. merkir orðið „ekkja" konu, sem var á framfæri manns síns, er hann lézt;
h. merkir orðið „barn":
   (i) barn á skólaaldri eða undir 15 ára aldri, hvort aldursmarkið, sem hærra er; og
   (ii) eftir nánari reglum barn innan tiltekins aldurs, sem er hærri en tiltekið er í lið (i) í þessum staflið, og er iðnnemi eða við annað nám eða er haldið langvinum sjúkdómi eða veikleika, sem gerir það ófært um að stunda arðbæra atvinnu. Kröfunni í þessum lið telst einnig fullnægt ef lög skilgreina orðið „barn" þannig að það taki til sérhvers barns innan aldursmarks, sem er verulega hærra en það ,sem tiltekið er í lið (i) í þessari málsgrein;
i. merkir orðið „réttindavinnslutími" iðgjaldagreiðslutíma, starfstíma, dvalartíma eða þessi tímabil sameinuð á einhvern hátt, eftir því, sem tiltekið kann að vera.
j. merkja „bætur háðar iðgjaldi" bætur, sem eru háðar því skilyrði að hinir tryggðu eða atvinnurekandi þeirra hafi greitt til þeirra, eða bundnar eru við réttindavinnslutíma í starfi, en „gjaldfrjálsar bætur" merkja bætur, sem ekki eru bundnar slíkum skilyrðum.

2. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem bundið er af samþykkt þessari, skal breyta eftir:
   a. I. kafla;
   b. að minnsta kosti einum af köflunum II., III. og IV.;
   c. þeim ákvæðum V. og VI. kafla, sem við eiga; og
   d. VII. kafla.
2. Sérhvert aðildarríki skal í fullgildingarskjali sínu tilgreina hverra af köflunum II. til IV. í þessari samþykkt skuldbindingar þess skuli taka til.

3. gr.

1. Hverju því aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa ,skal síðar heimilt að tilkynna framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að það taki á sig skuldbindingar samþykktarinnar að því er varðar einn eða fleiri af köfl-

unum II.—IV., þeirra, sem ekki eru þegar tilteknir í fullgildingarskjali þess.
2. Þær skuldbindingar, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, skulu teljast heildarhluti fullgildingarskjalsins og hafa sama gildi og það, frá tilkynningardegi að telja.

4. gr.

1. Nú er efnahagur ríkis ekki nægilega góður og getur það þá með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingu, fært sér í nyt þær tímabundnu undanþágur, sem um ræðir í 9. gr. 2. tölul., 13. gr. 2. tölul., 16. gr. 2. tölul. og 22. gr. 2. tölul. Í yfirlýsingunni skal greina ástæður til undanþágunnar.
2. Hvert það aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu samkv. 1. tölul. þessarar greinar, skal í skýrslu sinni, sem gefin er samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, tiltaka að því er varðar hverja undanþágu, sem það hefur notfært sér:
   a. að ástæðan til undanþágunnar sé enn til staðar, eða
   b. að það afsali sér rétti til að njóta undanþágu þeirrar, sem um er að ræða, frá tilteknum degi.
3. Sérhvert aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu samkvæmt 1. tölul. þessarar greinar, skal fjölga þeim starfsmönnum, sem tryggingarnar taka til, eftir því, sem ástæður leyfa.

5. gr.

Þar sem þess er krafizt af aðildarríki, til þess að fullnægt sé II.—IV. kafla samþykktar þessarar, að svo miklu leyti sem fullgildingin nær til þeirra, að það verndi tiltekna flokka manna, svo að ekki nemi minna en ákveðnum hundraðshluta starfsfólks eða allra arðbærlega vinnandi landsmanna, skal aðildarríkið, áður en það skuldbindur sig til að fullnægja nokkrum þeirra kafla, ganga úr skugga um það, að náð hafi verið umræddri hundraðstölu.

6. gr.

Til þess að fullnægja ákvæðum II., III. eða IV. kafla þessarar samþykktar, skal aðildarríki heimilt að taka tillit til þeirrar verndar, sem með tryggingu er fengin, enda þótt þeir aðilar, sem tryggja ber, séu ekki með lögum skyldaðir til slíkrar tryggingar, enda sé hún:
a. undir eftirliti opinberra stjórnvalda eða framkvæmd svo að fullnægi tilteknum kröfum, með samvinnu milli atvinnurekenda og verkafólks;
b. svo víðtæk að hún taki til verulegs hluta þess fólks, sem ekki hefur meiri tekjur af vinnu sinni en faglærðir karlmenn í annarra þjónustu; og
c. ásamt annarri vernd, þar sem um slíkt er að ræða, svo að fullnægi viðeigandi ákvæðum samþykktarinnar.

II. KAFLI

Örorkubætur.

7. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli þessarar samþykktar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu örorkubætur í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

8. gr.

Tryggingin tekur til þess er maður er í tilteknum mæli ófær til þess að stunda arðbæra atvinnu og líklegt sé að svo verði til frambúðar eða að slíkt ástand varir eftir að liðinn er tiltekinn tími tímabundins eða byrjandi vanhæfis til vinnu.

9. gr.

1. Tryggingin skal ná til:
   a. allra kaupþega þar með taldir iðnnemar; eða

b. tiltekinna stétta arðbærlega vinnandi fólks, er eigi sé færra en 75% alls arðbærlega vinnandi fólks í landinu; eða
c. allra íbúa, eða þeirra íbúa, sem á meðan ástandið varir, hafa ekki þau fjárráð, er fari yfir mark, sem sé þannig ákveðið að sé í samræmi við, 28. gr.

2. Þar sem yfirlýsing, gefin samkvæmt 4. gr., er í gildi skal tryggingin ná til:
a. tiltekinna flokka kaupþega, er séu eigi færri en 25% allra kaupþega; eða
b. tiltekinna flokka kaupþega í atvinnufyrirtækjum, þannig að eigi séu færri en 50% allra kaupþega í atvinnufyrirtækjum.

10. gr.

Örorkubæturnar skulu vera greiðslur inntar af höndum með vissu millibili, sem hér segir:

a. Þar sem kaupþegar eða flokkar arðbærlega starfandi fólks eru tryggðir, þá á þann hátt að í samræmi sé við ákvæði 26. eða 27. gr.
b. Þar sem allir íbúar landsins eða allir íbúar, sem meðan ástandið varir hafa ekki fjárráð fram yfir tiltekið mark, eru tryggðir, þá með þeim hætti að sé í samræmi við ákvæði 28. gr.

11. gr.

1. Bætur þær, sem um ræðir í 10. gr. skulu, þar sem svo er ástatt, vera tryggðar a. m. k.:
a. þeim tryggðum aðila, sem hefur áður en tilfellið gerðist samkvæmt tilteknum reglum lokið réttindavinnslutíma, sem getur verið 15 ár iðgjaldagreiðslu eða starfs eða 10 ár búsetu;
b. þar sem það er reglan að allt arðbærlega starfandi fólk sé tryggt, þeim tryggðum aðila, sem áður en tilfellið gerðist og í samræmi við tilteknar reglur, hefur lokið réttindavinnslutíma, er sé þrjú ár iðgjaldagreiðslu, enda hafi verið greitt hið árlega tiltekna meðaltal iðgjalda eða hin árlegu iðgjöld hans vegna meðan hann var á starfsaldri.

2. Þar sem örorkubætur eru bundnar við lágmarkstímabil iðgjaldagreiðslu, starfs eða búsetu, skulu lægri bætur tryggðar a. m. k.:
a. tryggðum aðila, sem áður en tilfellið gerðist, hefur í samræmi við tilteknar reglur lokið réttindavinnslutíma, er sé fimm ár iðgjaldagreiðslu, starfs eða búsetu; eða
b. þar sem það er reglan að allt arðbærlega starfandi fólk sé tryggt, þeim tryggðum aðila, sem áður en tilfellið gerðist og í samræmi við tilteknar reglur, hefur lokið réttindavinnslutíma, er sé þrjú ár iðgjaldagreiðslu, enda hafi hans vegna meðan hann var á starfsaldri verið, greiddur helmingur af meðaltali, hinna tilskyldu árlegu greiðslna eða hinn árlegi fjöldi greiðslna samkvæmt 1. tölul. þessarar greinar.

3. Ákvæðum 1. tölul. þessarar greinar skal talið fullnægt ef bætur reiknaðar samkvæmt ákvæðum V. kafla, en 10% lægri en tiltekið er í fylgiskjali með þeim kafla fyrir hlutaðeigandi almennan bótaþega, eru tryggðar a. m. k þeim tryggðum aðila, sem hefur lokið, eftir tilteknum reglum, fimm árum iðgjaldagreiðslu, búsetu eða starfs.

4. Lækka má hundraðshluta þann, sem tiltekinn er í fylgiskjali með V. kafla, á tilsvarandi hátt þegar réttindavinnslutíminn svarandi til hins lækkaða hundraðshluta fer fram úr fimm árum iðgjaldagreiðslu, starfs eða búsetu, en er undir 15 árum iðgjaldagreiðslu eða starfs eða 10 árum búsetu. Hinar lægri bætur skal greiða samkv. 2. tölul. þessarar greinar.

5. Ákvæðum 1. og 2. tölul. þessarar greinar skal talið fullnægt ef bætur reiknaðar samkvæmt ákvæðum V. kafla eru tryggðar a. m .k. þeim tryggðum aðila, sem samkvæmt tilteknum reglum hefur lokið réttindavinnslutíma, iðgjaldagreiðslu eða starfi, er ekki sé lengra en fimm ár við tiltekinn lágmarksaldur en má lengjast með hækkandi aldri upp í tiltekið hámark.

12. gr.

Bætur þær, sem um ræðir í 10. og 11. gr., skulu greiddar svo lengi sem ástandið varir eða þar til greiða ber ellilífeyri.

13. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli tekur til, skal eftir tilteknum reglum:
   a. starfrækja endurþjálfun, sem miði að því að búa öryrkjann, eftir því sem mögulegt er, undir að taka sitt fyrra starf upp að nýju eða ef það er ekki unnt, þá að búa hann undir annað arðbært starf, sem bezt hentar með tilliti til getu hans og hæfileika;
   b. gera ráðstafanir til þess að koma öryrkjum í vinnu við þeirra hæfi.
2. Þar sem yfirlýsing, gefin samkvæmt 4. gr., er í gildi getur aðildarríkið vikið frá ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar.

III. KAFLI

Ellilífeyrir.

14. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli þessarar samþykktar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu ellilífeyri í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

15. gr.

1. Tryggingin skal taka til þeirra, sem lifa fram yfir tiltekinn aldur.
2. Hið tiltekna aldursmark skal ekki vera hærra en 65 ár, eða það hærra aldursmark, sem ákveðið kann að vera af þar til bæru stjórnvaldi, með fullu tilliti til aldursskiptingar þjóðarinnar, efnahags og félagslegra atriða, sem sýna skal með tölfræðilegum upplýsingum.
3. Ef hið tiltekna aldursmark er 65 ár eða hærra, skal það með tilteknum skilyrðum lækkað að því er tekur til fólks, sem unnið hefur störf, sem samkvæmt landslögum eru í þessu sambandi talin erfið eða óheilnæm.

16. gr.

1. Þeir, sem tryggingin nær til, skulu vera:
   a. Allir kaupþegar, þar með taldir iðnnemar; eða
   b. tilteknar stéttir arðbærlega starfandi fólks, svo að eigi séu færri en 75% alls arðbærlega starfandi fólks; eða
   c. allir íbúar landsins eða allir þeir íbúar, sem á þeim tíma, sem um er að ræða, hafa fjárráð, sem ekki fara yfir ákveðið mark, er sé í samræmi við ákvæði 28. greinar.
2. Þar sem yfirlýsing, gefin samkvæmt 4. gr., er í gildi skal tryggingin ná til:
   a. tiltekinna flokka kaupþega, er séu eigi færri en 25% allra kaupþega; eða
   b. tiltekinna flokka kaupþega í atvinnufyrirtækjum þannig að eigi séu færri en 50% allra kaupþega í atvinnufyrirtækjum.

17. gr.

Ellilífeyririnn skal vera greiðslur, er inntar séu af hendi með ákveðnu millibili og reiknaðar eins og hér segir:

a. Þar sem kaupþegar eða flokkar arðbærlega starfandi fólks eru tryggðir, skal það gert þannig að í samræmi sé við ákvæði 26. eða 27. gr.
b. Þar sem allir íbúar landsins eða allir, sem ekki hafa fjárráð umfram ákveðið hámark á tímabilinu, sem lífeyrir er greiddur fyrir, eru tryggðir, skal hann reiknaður í samræmi við ákvæði 28. greinar.

18. gr.

1. Lífeyrir sá, er um ræðir í 17. gr., skal í þeim tilfellum, sem undir hann koma, vera tryggður að minnsta kosti:
   a. hverjum þeim tryggðum manni, sem áður en til þessa kom, hefur í samræmi við tilteknar reglur lokið réttindavinnslutíma, sem getur verið annaðhvort 30 ár iðgjaldagreiðslu eða starfs, eða 20 ára búseta; eða
   b. þar sem það er reglan að allt arðbærlega starfandi fólk sé tryggt, þá þeim tryggðum aðila, sem áður en til tryggingagreiðslna kemur, hefur lokið tilteknum réttindavinnslutíma með iðgjaldagreiðslu, enda hafi hans vegna meðan hann var á starfsaldri verið greitt hið tiltekna meðaltal árlegra iðgjaldagreiðslna.
2. Þar sem ellilífeyrir er bundinn við lágmarkstíma iðgjaldagreiðslu eða starfs, skal lægri lífeyrir tryggður að minnsta kosti:
   a. hverjum þeim tryggðum manni, sem áður en til þessa kom, hefur í samræmi við tilteknar reglur lokið réttindavinnslutíma, er sé 15 ár iðgjaldagreiðslu eða starfs; eða
   b. þar sem það er reglan að allt arðbærlega starfandi fólk sé tryggt, þá þeim tryggðum aðila, sem áður en til tryggingagreiðslna kom, hefur lokið tilteknum réttindavinnslutíma með iðgjaldagreiðslu, enda hafi meðan hann var á starfsaldri verið greiddur hans vegna helmingur árlegs meðaltals iðgjaldagreiðslna, sem tilteknar eru í samræmi við staflið b. í 1. tölul. þessarar greinar.
3. Svo skal litið á að skilyrðum 1. töluliðs þessarar greinar hafi verið fullnægt þar sem lífeyrir reiknaður samkvæmt ákvæðum V. kafla, en tíu hundraðshlutum lægri en ákveðið er í fylgiskjali með þeim kafla til handa hlutaðeigandi venjulegum lífeyrisþega, hefur verið tryggður a. m. k. þeim tryggðum aðila, sem hefur lokið samkvæmt tilteknum reglum tíu ára iðgjaldagreiðslu eða starfi eða fimm ára búsetu.
4. Hlutfallslega lækkun má gera á hundraðshluta tilteknum í fylgiskjali með V. kafla þar sem réttindavinnslutíminn ,sem svarar til lækkaðs hundraðshluta fer fram úr tíu árum iðgjaldagreiðslu eða starfs eða fimm ára búsetu, en er skemmri en 30 ára iðgjaldagreiðsla eða starf eða 20 ára búseta, ef slíkur réttindavinnslutími fer fram úr 15 árum iðgjaldagreiðslu eða starfs, skal greiða lækkaðan lífeyri í samræmi við 2. tölul. þessarar greinar.

19. gr.

Lífeyrir sá, er um ræðir í 17 .og 18. gr. skal greiddur meðan skilyrði lífeyrisgreiðslunnar eru fyrir hendi.

IV. KAFLI

Eftirlifendabætur.

20. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli þessarar samþykktar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu eftirlifendabætur í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

21. gr.

1. Tryggingin skal taka til þess er ekkja eða barn hefur misst af framfærslu vegna fráfalls fyrirvinnunnar.
2. Þegar um ekkju er að ræða má binda bæturnar skilyrði um tiltekinn aldur. Það aldursmark má ekki vera hærra en það, sem gildir fyrir ellilífeyri.
3. Aldursskilyrði má þó ekki setja ef ekkja:
   a. er öryrki, eftir því sem það er nánar skilgreint; eða
   b. framfærir barn hins látna.
4. Þegar um er að ræða rétt barnlausrar ekkju til eftirlifendabóta má setja skilyrði um það, að hjónabandið hafi staðið í tiltekinn lágmarkstíma.

22. gr.

1. Tryggingin skal ná til:
   a. eiginkonu, barna og eftir því sem tiltekið kann að vera, annarra á framfæri fyrirvinnu, sem var kaupþegi eða iðnnemi; eða
   b. konu, barna og eftir því sem tiltekið kann að vera, annarra á framfæri fyrirvinnu í tilteknum flokkum arðbærlega starfandi fólks, enda séu í þeim flokkum ekki færri en 75% alls arðbærlega starfandi fólks; eða
   c. allra ekkna og barna og allra tiltekinna á framfæri, sem misst hafa fyrirvinnu sína, búsett eru í landinu og eftir því sem við á, hafa ekki meðan ástandið varir fjárráð, er fari yfir tiltekið mark, sem ákveðið sé í samræmi við ákvæði 28. greinar.
2. Þar sem yfirlýsing, gefin samkvæmt 4. gr., er í gildi, skal tryggingin ná til:
   a. eiginkonu, barna og eftir því, sem tiltekið er, annarra á framfæri fyrirvinnu í tilteknum flokkum kaupþega, enda séu í þessum flokkum ekki færri en 25% allra kaupþega; eða
   b. konu, barna og eftir því sem tiltekið er annarra á framfæri fyrirvinnu í tilteknum flokkum kaupþega í atvinnufyrirtækjum, enda séu í þessum flokkum eigi færri en 50% allra kaupþega í atvinnufyrirtækjum.

23. gr.

Eftirlifendabætur skulu vera greiðslur, inntar af hendi með vissu millibili, og reiknaðar sem hér segir:

a. Þar sem kaupþegar eða flokkar arðbærlega vinnandi fólks eru tryggðir, þá með þeim hætti að í samræmi sé við ákvæði 26 .eða 27. gr.
b. Þar sem allir íbúar landsins, eða þeir íbúar, sem meðan hið tryggingarskylda ástand varir, hafa ekki þau fjárráð, er fari yfir tiltekið mark, eru tryggðir, þá með þeim hætti að sé í samræmi við ákvæði 28. gr.

24. gr.

1. Bætur þær, sem um ræðir í 23. gr. skulu í þeim tilvikum, sem tryggingin tekur til, tryggðar a. m. k.:
   a. þeim tryggðum aðila, hvers fyrirvinna hefur samkvæmt tilteknum reglum lokið réttindavinnslutíma, sem getur verið 15 ár iðgjaldagreiðslu eða starfs eða 10 ára búseta. Þegar um er að ræða bætur greiddar til ekkju má þó í þess stað krefjast þess að hún hafi lokið tilteknum réttindavinnslutíma með búsetu; eða
   b. þar sem það er reglan að eiginkonur og börn allra arðbærlega vinnandi manna séu tryggð, þá þeim tryggðum aðila, hvers fyrirvinna hefur í samræmi við tiltekin ákvæði lokið réttindavinnslutíma, sem getur verið 3 ár iðgjaldagreiðslu, enda hafi vegna fyrirvinnunnar meðan hún var á starfsaldri, verið innt af hendi hið tiltekna meðaltal árlegra iðgjalda eða hin árlegu iðgjöld.
2. Þar sem eftirlifendabætur eru bundnar skilyrði um lágmarkstíma iðgjaldagreiðslu eða starfs, skulu lægri bætur tryggðar a. m. k.:
   a. Þeim tryggðum aðila, hvers fyrirvinna hefur í samræmi við tilteknar reglur lokið réttindavinnslutíma, er sé fimm ár iðgjaldagreiðslu eða starfs; eða
   b. þar sem það er reglan að konur og börn allra arðbærlega vinnandi manna séu tryggð, þá þeim tryggðum aðila, hvers fyrirvinna hefur í samræmi við tilteknar reglur lokið réttindavinnslutíma, er sé þrjú ár iðgjaldagreiðslu, enda hafi vegna fyrirvinnunnar meðan hún var á starfsaldri verið greiddur helmingur meðaltals árlegra iðgjaldagreiðslna eða þeirra árlegu iðgjalda, er tiltekin séu í samræmi við b-lið í 1. tölul. þessarar greinar.
3. Svo skal litið á að skilyrðum 1. töluliðs þessarar greinar hafi verið fullnægt þar sem bætur reiknaðar samkvæmt ákvæðum V. kafla, en 10 hundraðshlutum

lægri en greinir í fylgiskjali með þeim kafla til handa hlutaðeigandi venjulegum bótaþega, hefur verið tryggður a. m. k. þeim tryggðum aðila, hvers fyrirvinna hefur samkvæmt tilteknum reglum lokið fimm ára iðgjaldagreiðslu, starfi eða búsetu.

4. Hlutfallslega lækkun má gera á hundraðshluta tilteknum í fylgiskjali með V. kafla þar sem réttindavinnslutíminn, sem svarar til lækkaðs hundraðshluta, fer fram úr fimm árum iðgjaldagreiðslu, starfs eða búsetu, en er skemmri en 15 ár iðgjaldagreiðslu eða starfs eða 10 ár búsetu; ef slíkur réttindavinnslutími er fenginn með iðgjaldagreiðslu eða starfi skal greiða lækkaðan lífeyri í samræmi við 2. tölul. þessarar greinar.
5. Svo skal litið á að skilyrðum 1. og 2. töluliðs þessarar greinar hafi verið fullnægt þar sem lífeyrir reiknaður samkvæmt ákvæðum V. kafla er tryggður a. m. k. þeim tryggðum aðila, hvers fyrirvinna hefur samkvæmt tilteknum reglum lokið réttindavinnslutíma iðgjaldagreiðslu eða starfs, sem ekki skal vera lengra en fimm ár á tilteknum lágmarksaldri og má lengjast með hækkuðum aldri upp í tiltekið hámark árafjölda.

25. gr.

Bætur þær, sem um ræðir í 23. og 24. gr. skulu veittar meðan hið bótaskylda ástand helzt.

V. KAFLI

Meginreglur um greiðslur inntar af hendi með vissu millibili.

26. gr.

1. Þegar um er að ræða greiðslur inntar af hendi með vissu millibili, sem þessi grein tekur til, skulu bæturnar að viðbættum þeim fjölskyldubótum, sem greiðast eiga meðan tryggingarástandið varir, vera þær, að því er viðeigandi tilfelli varðar, fyrir venjulegan bótaþega, sem um ræðir í fylgiskjali með þessum kafla, að þær séu a. m .k. þargreind hundraðstala bæði af fyrri heildartekjum bótaþega eða fyrirvinnu hans og upphæð þeirra fjölskyldubóta, sem greiðast kunna tryggðum aðila með sömu framfærsluskyldu og hinn venjulegi bótaþegi.
2. Fyrri tekjur bótaþega eða fyrirvinnu hans skulu reiknaðar eftir ákveðnum reglum og þar sem hinir tryggðu eða fyrirvinnur þeirra eru flokkaðir eftir tekjum, má reikna fyrri tekjur þeirra eftir grunntekjum þeirra flokka, sem þeir tilheyrðu.
3. Tiltaka má hámark upphæða bóta og tekna, sem bætur eru reiknaðar eftir, enda sé það hámark sett á þann hátt að ákvæða 1. töluliðs þessarar greinar sé gætt, þegar fyrri tekjur bótaþegans eða fyrirvinnu hans eru hinar sömu eða lægri en kaup faglærðs vinnandi karlmanns.
4. Fyrri tekjur bótaþega eða fyrirvinnu hans, kaup faglærðs vinnandi karlmanns, bætur og fjölskyldubætur, skal allt miðast við sama tíma.
5. Að því er til annarra bótaþega tekur, skulu bæturnar vera í hæfilegu hlutfalli við bætur til venjulegs bótaþega.
6. Í merkingu þessarar greinar skal faglærður vinnandi karlmaður vera:
   a. Setjari (montör) eða rennismiður í vélsmiðju annarri en rafmagnsvéla; eða
   b. maður, sem telja má dæmigerðan faglærðan mann í samræmi við ákvæði eftirfarandi töluliðs; eða
   c. maður, sem hefur þær tekjur að þær séu eins miklar eða meiri en tekjur 75% allra hinna tryggðu, skulu þá tekjurnar miðaðar við eitt ár eða skemmra tímabil eftir því, sem tiltekið kann að vera; eða
   d. sá maður, sem hefur tekjur, er jafngildi 125% af meðaltekjum allra hinna tryggðu.

7. Sá maður, sem talinn er sérkennandi fyrir faglærða stétt í skilningi b-liðs næsta töluliðs hér á undan, skal vera maður, er starfi í hinum meiri háttar atvinnugreinum, er samanlagt veiti atvinnu mestum fjölda arðbærlega starfandi karlmanna, er tryggðir séu í því tilfelli, sem um er að ræða, eða fyrirvinnur hinna tryggðu, eftir því sem á stendur í þeim flokki, sem fjölmennastur sé af slíkum mönnum eða fyrirvinnum. Í þessu augnamiði skal nota hinar viðurkenndu alþjóðareglur um flokkun allra atvinnugreina, sem Fjárhags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti á sjöunda þingi sínu 27. ágúst 1948, með breytingum frá 1958, og prentuð er sem viðauki við samþykkt þessa, eða þá flokkun eins og hún kann að vera breytt á hverjum tíma.
8. Þar sem bæturnar eru mismunandi eftir landshlutum má í samræmi við töluliði 6 og 7 í þessari grein ákvarða hver sé faglærður karlmaður í annarra þjónustu í hverjum landshluta sérstaklega.
9. Kaup faglærðs karlmanns skal ákvarðað með tilliti til launastigans fyrir venjulegan vinnutíma, eins og hann hefur verið ákveðinn með heildarsamningum með eða samkvæmt lögum landsins eða reglugerðum, þar sem það á við, eða með venju og sé talin þar með dýrtíðaruppbót ef nokkur er. Þar sem slíkir taxtar eru mismunandi eftir landshlutum, en ekki er farið eftir 8. tölulið þessarar greinar, skal miða við meðaltaxtann.

27. gr.

1. Greiðsla innt af hendi með vissu millibili, sem þessi grein tekur til, að viðbættum fjölskyldubótum, sem kann að vera um að ræða í hverju tilfelli, skal vera það há, að hinn venjulegi bótaþegi, sem tiltekinn er í fylgiskjali með þessum kafla, fái í því bótatilfelli, sem um er að ræða a. m. k. þann hundraðshluta af samanlögðu kaupi venjulegs fullorðins verkamanns, sem þar er tilgreint, og fjölskyldubóta, sem greiða ber tryggðum manni, sem hefur sömu framfærsluskyldu og hinn venjulegi bótaþegi.
2. Kaup venjulegs fullorðins verkamanns, bæturnar og fjölskyldubætur, ef um þær er að ræða, skal miða við sama tíma.
3. Þar sem um er að ræða aðra bótaþega, skulu bæturnar vera í hæfilegu hlutfalli við bætur venjulegs bótaþega.
4. Í skilningi þessarar greinar skal venjulegur fullorðinn verkamaður vera:
   a. maður, sem talinn er sérkennandi fyrir ófaglærða verkamenn í vélsmíði annarri en smíði rafvéla; eða
   b. maður, sem talinn er sérkennandi fyrir ófaglærða verkamenn, og sé þá miðað við ákvæði næsta töluliðs hér á eftir.
5. Sá maður, sem talinn er sérkennandi fyrir ófaglærða sétt, í skilningi b-liðs í næsta tölulið hér á undan, skal vera maður, er starfi á hinum meiri háttar atvinnugreinum, er samanlagt veiti atvinnu mestum fjölda arðbærlega starfandi karlmanna, er tryggðir séu í því tilfelli, sem um er að ræða, eða fyrirvinnur hinna tryggðu, eftir því sem á stendur í þeim flokki, sem fjölmennastur sé af slíkum mönnum eða fyrirvinnum. Í þessu augnamiði skal nota hinar viðurkenndu alþjóðareglur um flokkun allra atvinnugreina, sem Fjárhags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti á sjöunda þingi sínu 27. ágúst 1948 með breytingum frá 1958, sem prentuð er sem viðauki við samþykkt þessa, eða þá flokkun eins og hún kann að vera breytt á hverjum tíma.
6. Þar sem bæturnar eru mismunandi eftir landshlutum má í samræmi við töluliði 4 og 5 í þessari grein, ákvarða hver teljist venjulegur fullorðinn verkamaður í hverjum landshluta fyrir sig.
7. Kaup venjulegs fullorðins verkamanns skal ákvarðað með tilliti til launastigans fyrir venjulegan vinnutíma, eins og hann hefur verið ákveðinn með heildarsamningum, með eða samkvæmt lögum landsins eða reglugerðum, þar sem það á við, eða með venju og sé talin þar með dýrtíðaruppbót, ef nokkur er. Þar

sem slíkir taxtar eru mismunandi eftir landshlutum, en ekki er farið eftir 6. tölulið þessarar greinar, skal miða við meðaltaxtann.

28. gr.

Þegar um er að ræða greiðslur, sem inntar eru af hendi með vissu millibili og þessi grein tekur til:

a. skal upphæð bótanna ákveðin samkvæmt tilteknum stiga eða stiga, sem ákveðinn er af hlutaðeigandi stjórnvaldi í samræmi við tilteknar reglur;
b. má einungis lækka þessa upphæð eftir því sem önnur fjárráð fjölskyldu bótaþegans fara fram úr tilteknum verulegum upphæðum eða verulegum upphæðum ákveðnum af hlutaðeigandi stjórnvaldi í samræmi við tilteknar reglur;
c. skal heildarupphæð bótanna að viðbættum öðrum tekjum, eftir að frá hafa verið dregnar þær verulegu upphæðir, sem um ræðir í staflið b, verða fullnægjandi til þess að framfleyta fjölskyldu bótaþegans heilsusamlega og sómasamlega og skal ekki vera lægri en tilsvarandi bætur reiknaðar í samræmi við ákvæði 27. greinar.
d. ákvæðum stafliðs C. skal talið fullnægt ef heildarupphæð bóta þeirra, sem greiddar eru samkvæmt viðeigandi kafla, fara a. m. k. 30% fram úr heildarupphæð bóta, sem fást mundu ef farið væri eftir ákvæðum 27. greinar og ákvæðum:
   (i) 9. greinar 1 b að því er tekur til II. kafla;
   (ii) 16. greinar 1 b að því er tekur til III. kafla;
   (iii) 22. greinar 1 b að því er tekur til IV. kafla.

29. gr.

1. Upphæðir bóta, sem greiddar eru í peningum með vissu millibili samkv. 10., 17. og 23. grein skulu endurskoðaðar þegar verulegar breytingar hafa orðið á tekjum almennt eða framfærslukostnaði.
2. Sérhvert aðildarríki skal skrá niðurstöður þessarar endurskoðunar í skýrslur um framkvæmd samþykktar þessarar, sem gefnar eru samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, og gera grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru.

Fylgiskjal V. kafla.

Greiðslur inntar af hendi með vissu millibili til venjulegra styrkþega.

Kafli	Tilfelli	Venjulegir styrkþegar	Hundraðshluti
II.	Örorka	Maður með konu og tvö börn	50
III.	Elli	Maður með konu á lífeyrisaldri	45
IV.	Dauði fyrirvinnu	Ekkja með tvö börn	45

VI. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

30. gr.

Með lögum skal tryggja það að réttur, sem maður er að ávinna sér til elli-, örorku- og eftirlifendabóta, sem háðar eru iðgjaldagreiðslu, glatist ekki, enda sé tilteknum skilyrðum fullnægt.

31. gr.

1. Með tilteknum skilyrðum má láta falla niður um sinn greiðslu elli-, örorku- eða eftirlifendabóta ef bótaþegi er í arðbærri atvinnu.
2. Elli-, örorku- eða eftirlifendabætur, sem háðar eru iðgjaldagreiðslu, má lækka ef atvinnutekjur bótaþega fara fram úr tilteknu marki. Lækkunin má þó ekki nema hærri upphæð en tekjurnar.
3. Elli-, örorku- eða eftirlifendabætur, sem ekki eru háðar iðgjaldaskyldu, má lækka þegar atvinnutekjur bótaþega eða önnur fjárráð hans, eða þetta tvennt til samans fer fram úr tilteknu marki.

32. gr.

1. Bætur þær, sem tryggður maður hefði annars átt kröfu til samkvæmt einhverjum kaflanna II til VI í þessari samþykkt, má fella niður að svo miklu leyti sem ákveðið kann að verða:
   a. meðan hlutaðeigandi maður dvelur fjarvistum frá umráðasvæði aðildarríkisins nema um sé að ræða iðgjaldsskyldar bætur og þá með ákveðnum skilyrðum;
   b. meðan hlutaðeiganodi maður er á opinberu framfæri eða á framfæri atmannatrygginga;
   c. ef hlutaðeigandi maður hefur krafizt bóta á fölskum forsendum;
   d. ef tilfellið hefur orsakazt af glæpsamlegu atferli hlutaðeigandi manns;
   e. ef tilfellið hefur orsakazt af vísvitandi misferli hlutaðeigandi manns:
   f. í viðeigandi tilfellum, þar sem hlutaðeigandi maður, án gildrar ástæðu, vanrækir að notfæra sér þá þjónustu til lækningar og endurhæfingar, sem hann á kost á, eða lætur undir höfuð leggjast að fylgja fyrirskipuðum reglum um sönnun þess að tilfellið hafi gerzt eða haldizt, eða um það, hvernig bótaþegar skuli haga sér; og
   g. ef um eftirlifendabætur er að ræða, meðan ekkjan býr með manni eins og hún væri eiginkona hans.
2. Í þeim tilfellum og innan þeirra marka, sem tiltekin eru, skal sá hluti bóta, sem annars ber að greiða, greiðast til þeirra, sem hlutaðeigandi manni ber að framfæra.

33. gr.

1. Ef tryggður maður á samtímis rétt á fleiri en einni tegund bóta þeirra, sem um ræðir í þessari samþykkt, má lækka bætur með ákveðnum skilyrðum og að tilteknu marki. Hinn tryggði skal þó a. m. k. fá greidda fjárhæð, sem svarar til hæstu bótanna.
2. Ef tryggður maður á rétt á bótum, sem um ræðir í þessari samþykkt, og tekur við fébótum frá almannatryggingum vegna sama tilfellis, öðrum en fjölskyldubótum ,má lækka bætur samkvæmt þessari samþykkt eða fella þær niður um sinn með ákveðnum skilyrðum og að tilteknu marki, enda muni lækkunin eða niðurfellingin ekki hærri fjárhæð en síðari bæturnar.

34. gr.

1. Hver sá, sem krefst bóta, skal hafa áfrýjunarrétt, ef honum er synjað um bætur eða hann telur þær of lágar eða lélegar.
2. Settar skulu reglur um málsmeðferð, sem tryggja þeim, sem bóta krefst, rétt til

þess að velja sér hæfan mann til þess að koma fram fyrir sína hönd eða aðstoða sig eða fá til þess fulltrúa félagsskapar, sem fer með umboð hinna tryggðu.

35. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal taka á sig allsherjarábyrgð á því, að fyrir hendi séu styrkir þeir, sem veittir eru samkvæmt samþykkt þessari, og skal það gera allar nauðsynlegar ráð,stafanir til þess að svo sé.
2. Sérhvert aðildarríki skal taka á sig allsherjarábyrgð á góðri stjórn þeirra stofnana og þjónustugreina, sem taka þátt í framkvæmd samþykktarinnar.

36. gr.

Þar sem stjórnin er ekki fengin í hendur stofnun undir umsjón stjórnvalda eða stjórnardeild, sem ábyrg sé gagnvart löggjafarþinginu, skulu fulltrúar hinna tryggðu taka þátt í stjórninni með settum skilyrðum. Einnig má með lögum kveða á um þátttöku fulltrúa atvinnurekenda og opinberra stjórnvalda.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem með lögum tryggir kaupþega, getur eftir því sem nauðsyn krefur undanskilið ákvæðum samþykktarinnar:

a. menn, sem eru í óreglulegri vinnu;
b. skyldmenni atvinnurekanda, sem búa hjá honum, að því er tekur til vinnu þeirra hjá honum;
c. aðra flokka kaupþega, sem ekki séu þó fleiri en 10% allra kaupþega annarra en þeirra, sem ekki eru undanskildir samkvæmt stafliðum a. og b. í þessari grein.

38. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem með lögum tryggir kaupþega getur með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingu þess, um stundarsakir undanskilið framkvæmd samþykktar þessarar þá kaupþega í landbúnaði, sem ekki eru enn þá tryggðir samkvæmt lögum þegar fullgildingin fer fram.
2. Hvert það aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu samkvæmt 1. tölul. þessarar greinar, skal í skýrslum sínum um framkvæmd þessarar samþykktar, sem gefa skal samkvæmt 22. gr., stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, greina frá því, að hve miklu leyti ákvæðum samþykktarinnar er framfylgt eða áformað er að framfylgja þeim að því er tekur til kaupþega í landbúnaði svo og hvað kann að hafa verið gert til þess að láta ákvæði samþykktarinnar ná til þessara kaupþega. Ef ekki hafa orðið neinar breytingar í þessa átt, skal greina ástæður til þess.
3. Hvert það ríki, sem gefið, hefur yfirlýsingu samkvæmt 1. tölul. þessarar greinar, skal auka fjölda tryggðra kaupþega í landbúnaði eins mikið og fljótt og aðstæður leyfa.

39. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt getur með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingu, undanskilið ákvæðum samþykktarinnar:
   a. sjómenn þ. á m. fiskimenn á sjó,
   b. opinbera starfsmenn,
   þegar þessir flokkar njóta sérstakra trygginga, sem veita bætur samtals að fjárhæð a. m. k. eins og þær, sem kafizt er í þessari samþykkt.
2. Þegar yfirlýsing samkv. 1. tölul. þessarar greinar er í gildi, getur aðildarríki undanskilið menn í stéttum, sem undanþegnar eru ákvæðum samþykktarinnar,

frá tölu þeirra manna, sem taldir eru með þegar reiknaðir eru hundraðshlutar samkv. 9. gr. 1 b og 2 b, 16. gr. 1 b og 2 b, 22. gr. 1 b og 2 b og 37. gr. c.

3. Hvert það aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu samkv. 1. tölul. þessarar greinar, getur síðar tilkynnt framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að það taki á sig skuldbindingar þessarar samþykktar að því er tekur til þeirra stétta ,sem undanskildar voru við fullgildingu.

40. gr.

Ef tryggður maður á við dauða fyrirvinnu lagalegan rétt til bóta, sem inntar eru af hendi á vissum fresti, annarra en eftirlifendabóta, má meta þær sem eftirlifendabætur að því er tekur til framkvæmdar þessarar samþykktar.

41. gr.

1. Aðildarríki, sem:
   a. hefur undirgengizt skuldbindingar þessarar samþykktar að því er tekur til II. III. og IV. kafla, og
   b. tryggir hundraðshluta af arðbærlega starfandi fólki, sem er a. m. k. 10 stigum hærri en krafizt er í 9. gr. 1 b, 16. gr. 1 b og 22. gr. 1 b, eða fullnægir kröfum í 9. gr. 1 c, 16. gr. 1 c og 22. gr. 1 c, og
   c. tryggir bætur, sem eru a. m. k. 5 stigum hærri en hundraðshluti sá, er greinir í töflunni með V. kafla að því er tekur til a. m. k. tveggja af þeim tryggingartilfellum, sem kaflarnir II, III og IV fjalla um,

   geta fært sér í nyt ákvæði eftirfarandi töluliðs.
2. Slíkt ríki getur:
   a. að því er snertir 11. gr. 2 b, og 24. gr. 2 b sett fimm ára tímabil í stað þriggja ára tímabils, sem þar er tiltekið;
   b. ákveðið réttinn til eftirlifendabóta á annan hátt en krafizt er í 21. grein, þó þannig að bótaþegar verði samtals ekki færri en þeir yrðu ef farið væri eftir reglum 21. greinar.
3. Hvert það aðildarríki, sem hefur fært sér í nyt reglurnar í tölulið 2 í þessari grein, skal í skýrslum sínum um framkvæmd samþykktar þessarar, sem það gefur samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, gera grein fyrir því, hvernig lög þess og framkvæmdahættir eru með tillit til þeirra mála, sem um ræðir í 2. tölulið, svo og hvað áunnizt hefur í þá átt að ákvæðum þessarar samþykktar sé framfylgt að fullu.

42. gr.

1. Aðildarríki, sem:
   a. hefur undirgengist skuldbindingar þessarar samþykktar að því er tekur til kaflanna II, III og IV og
   b. lætur tryggingarnar taka til arðbærlega starfandi fólks að hundraðshluta, sem er a. m. k. 10 stigum hærri en tiltekinn er í 9. gr. 1 b, 16. gr. 1 b og 22. gr. 1 b, eða fullnægir ákvæðum 9. gr. 1 c, 16. gr. 1 c og 22. gr. 1. c

   getur vikið frá tilteknum ákvæðum í köflunum II, III og IV með því skilyrði að samanlagðar bætur greiddar samkvæmt viðeigandi kafla jafngildi a. m. k. 110% þeirra samanlagðra bóta, sem mundu fást með því að beita öllum ákvæðum þess kafla.
2. Hvert það aðildarríki, sem gert hefur slíkt frávik, skal í skýrslum sínum um framkvæmd þessarar samþykktar, sem það gefur samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, gera grein fyrir því hvernig lög þess og framkvæmdahættir eru með tilliti til slíkra frávika og hvað áunnizt hefur í þá átt að ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt að fullu.

43. gr.

Undir samþykkt þessa falla ekki:

a. Tilfelli, sem gerðust áður en tilsvarandi kafli samþykktarinnar gekk í gildi hjá hlutaðeigandi aðildarríki;
b. styrkir í tilfellum, sem gerðust eftir að tilsvarandi kafli samþykktarinnar gekk í gildi hjá hlutaðeigandi aðildarríki, að svo miklu leyti, sem rétturinn til slíkra styrkja á upptök sín á þeim tíma, sem á undan fór.

44. gr.

1. Með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru í þessari grein, breytir þessi samþykkt eftirtöldum samþykktum: Samþykkt frá 1933 um ellitryggingar í iðnaði o. fl., Samþykkt frá 1933 um ellitryggingar landbúnaðarverkafólks, Samþykkt frá 1933 um örorkutryggingar o. fl., Samþykkt frá 1933 um örorkutryggingar landbúnaðarfólks, Samþykkt frá 1933 um eftirlifendatryggingar í iðnaði o. fl. og Samþykkt frá 1933 um eftirlifendatryggingar landbúnaðarfólks.
2. Þegar aðildarríki, sem hefur fullgilt eina eða fleiri þeirra samþykkta, sem breytzt hafa þegar þessi samþykkt gekk í gildi, tekur á sig skuldbindingar samkvæmt þessari samþykkt, hefur það í för með sér eftirfarandi lögfylgjur fyrir það aðildarríki:
   a. Þegar ríki tekur á sig skuldbindingar II. kafla samþykktarinnar, hefur það í för með sér ipso jure tafarlausa uppsögn á Samþykkt frá 1933 um örorkutryggingar í iðnaði o. fl. og Samþykkt frá 1933 um örorkutryggingar landbúnaðarfólks.
   b. Þegar ríki tekur á sig skuldbindingar samkv. III. kafla samþykktarinnar, skal það ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn á Samþykkt frá 1933 um ellitryggingar í iðnaði o. fl. og Samþykkt frá 1933 um ellitryggingar landbúnaðarfólks.
   c. Þegar ríki tekur á sig skuldbindingar samkvæmt IV. kafla samþykktarinnar skal það ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn Samþykktar frá 1933 um eftirlifendatryggingar iðnaðarfólks o. fl. og Samþykkt frá 1933 um eftirlifendatryggingar landbúnaðarfólks.

45. gr.

1. Í samræmi við 75. gr. Samþykktar frá 1952 um lágmark félagslegs öryggis skulu eftirtaldir kaflar þeirrar samþykktar og viðeigandi ákvæði í öðrum köflum hennar hætta að gilda fyrir það aðildarríki, sem fullgilt hefur þessa samþykkt, frá þeim degi er samþykktin verður bindandi fyrir það ríki, enda sé ekki í gildi nein yfirlýsing samkv. 38. grein:
   a. IX. kafli, þegar aðildarríkið hefur tekið á sig skuldbindingar samkv. II. kafla þessarar samþykktar;
   b. V. kafli, þegar aðildarríkið hefur tekið á sig skuldbindingar samkv. III. kafla þessarar samþykktar;
   c. X. kafli, þegar aðildarríkið hefur tekið á sig skuldbindingar samkv. IV. kafla þessarar samþykktar.
2. Ef ekki er í gildi nein yfirlýsing samkvæmt 38. gr. skal viðurkenning skuldbindinga þessarar samþykktar talin hafa í för með sér viðurkenningu skuldbindinga eftirtalinna kafla Samþykktarinnar frá 1952 um lágmark félagslegs öryggis og viðeigandi ákvæða í öðrum köflum hennar, að því er tekur til 2. greinar nefndrar samþykktar:
   a. IX. kafli, þegar aðildarríkið hefur viðurkennt skuldbindingar samkv. II. kafla þessarar samþykktar;
   b. V. kafli, þegar aðildarríki hefur viðurkennt skuldbindingar samkv. III. kafla þessarar samþykktar;

c. X. kafli, þegar aðildarríkið hefur viðurkennt skuldbindingar samkv. IV. kafla þessarar samþykktar.

46. gr.

Nú gerir þingið síðar samþykkt, sem snertir eitt eða fleiri atriði í þessari samþykkt og þar er svo kveðið á, skulu þau ákvæði þessarar samþykktar, sem þar eru tiltekin hætta að gilda fyrir hvert það ríki, sem fullgilt hefur þá samþykkt, frá þeim degi er nefnd samþykkt gengur í gildi fyrir það aðildarríki.

VIII. KAFLI

Lokaákvæði.

47.—53. gr.

Samhljóða 16.—23. gr. í Samþykkt nr. 125 hér að framan.

Viðauki.

Skorðuð alþjóðleg flokkun allra atvinnugreina.

(Endurskoðuð 1959).

Skrá yfir flokka og helztu undirflokka.

Flokkur 0. Landbúnaður, Skógrækt, Dýraveiðar, Fiskveiðar.

01. Landbúnaður.
02. Skógrækt og skógarhögg.
03. Dýraveiðar og veiðidýrarækt.
04. Fiskveiðar.

Flokkur 1. Námuvinna ofan jarðar og neðan.

11. Kolanám.
12. Málmnám.
13. Óhreinsuð olía og jarðgas.
14. Grjótnám, leirnám og sandnám.
19. Önnur námuvinnsla, sem ekki er málmnám.

Flokkur 2—3. Verksmiðjuvinna.

20. Verksmiðjuvinna við matvæli að drykkjarföngum undanskildum.
21. Framleiðsla drykkjarfanga.
22. Tóbaksframleiðsla.
23. Vefnaður.
24. Skófatnaðargerð, tilbúningur fatnaðar og annars úr vefnaði.
25. Verksmiðjuvinna við tré og kork, að undanskilinni húsgagnagerð.
26. Smíði húsgagna og innanstokksmuna.
27. Pappírsgerð og vinna við muni úr pappír.
28. Prentiðn, útgáfustörf og skyldar greinar.
29. Leðurgerð og framleiðsla úr leðri og skinnum önnur en skór og annar fatnaður.
30. Gúmmíiðnaður.
31. Framleiðsla kemiskra efna og vinna við þau.
32. Framleiðsla úr olíu eða kolum.
33. Framleiðsla úr steinefnum öðrum en málmum, að undanskildum olíu og kolum.
34. Vinna við frum-málma.
35. Vinna við hluti úr málmum, aðra en vélar og farartæki.
36. Vinna við vélaframleiðslu, að undanskildum rafmagnsvélum.
37. Vinna við framleiðslu rafmagnsvéla og rafmagnstækja hverskonar.
38. Vinna við framleiðslu farartækja.
39. Ýmis konar verksmiðjuiðnaður.

Flokkur 4. Byggingar.
40. Byggingar.
Flokkur 5. Rafmagn. Gas. Vatn. Hreinlætisþjónusta.
51. Rafmagn, gas og gufuafl.
52. Vatn og hreinlætisþjónusta.

Flokkur 6. Verzlun.
61. Heildsala og smásala.
62. Bankar og aðrar peningastofnanir.
63. Vátryggingar.
64. Fasteignasala.

Flokkur 7. Flutningar. Geymsla. Samgöngur.
71. Flutningar.
72. Geymsla hvers konar.
73. Samgöngur.

Flokkur 8. Þjónusta.
81. Ríkisstjórnarþjónusta.
82. Sveitarstjórnarþjónusta.
83. Verzlunarþjónusta.
84. Hressingarþjónusta.
85. Einkaþjónusta.

Flokkur 9. Starfsemdir ekki nægilega skilgreindar.
90. Starfsemdir ekki nægilega skilgreindar.

Fylgiskjal V.

Tillaga nr. 126 um starfsþjálfun fiskimanna.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar saman komið til 50. þingsetu sinnar hinn 1. júní 1966 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, **hefur í huga** ákvæði tillögunnar frá 1962 um starfsþjálfun, og **álítur** að við framkvæmd hennar ætti starfsþjálfun fiskimanna að fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til starfsþjálfunar í öðrum starfsgreinum, og **álítur** einnig að aðalmarkmið þjálfunar fiskimanna ætti að vera

að auka framleiðni í fiskiðnaði og afla viðurkenningar á efnahagslegu og félagslegu gildi fiskveiða fyrir þjóðarbúskapinn,

að stuðla að því að nægilegur fjöldi af hæfu fólki leiti starfa í fiskiðnaði,

að veita þjálfun og endurþjálfun í samræmi við ríkjandi og áætlaða þörf fyrir vinnuafl í öllum greinum fiskiðnaðar,

að aðstoða menn við að fá vinnu að þjálfun lokinni,

að aðstoða þá, sem þjálfunar njóta, við að ná sem mestri afkastagetu og tekjumöguleikum, og

að auka öryggi á fiskiskipum.

Þar sem þingið hefur ákveðið að fallast á tilteknar ábendingar um starfsþjálfun fiskimanna, sem er þáttur í sjötta dagskrármáli þingsins, og ákveðið að samþykkt verði tillaga hér að lútandi, samþykkir þingið í dag, hinn 21. júní 1966, eftirfarandi tillögu, er nefnist Tillaga um starfsþjálfun fiskimanna, 1966:

II. Gildissvið og orðaskýringar.

1. (1) Í tillögu þessari táknar orðið „fiskiskip" hvers konar skip og báta, sem stunda fiskveiðar á sjó, hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga. Undanskilin eru þó skip og bátar, sem stunda hvalveiðar eða álíka starfsemi og skip, sem annast fiskirannsóknir eða fiskvernd.

(2) Þessi tillaga tekur til þjálfunar til hvers konar starfa á fiskiskipum.
(3) Tillaga þessi tekur ekki til þeirra, sem stunda veiðar sér til skemmtunar eða hressingar.

2. Í tillögu þessari hafa eftirtalin orð þá merkingu, sem hér segir:
   a. Skipstjóri: hver sá maður, sem hefur stjórn fiskiskips á hendi;
   b. stýrimaður: hver sá maður, sem hefur á hendi næst æðstu stjórn á fiskiskipi þ. á m. hver sá maður að undanskildum leiðsögumanni, sem fela má stjórn skips;
   c. vélamaður: hver sá maður, sem að staðaldri ber ábyrgð á aflvélum fiskiskipa svo og hver sá maður annar, sem fela má að stjórna og annast viðhald á vélum skips og vélbúnaði;
   d. fullgildur fiskimaður: sérhver reyndur háseti, sem vinnur á fiskiskipi, undirbýr veiðitæki til veiða, veiðir fisk, tekur á móti fiski og gerir að honum og bætir net og önnur veiðitæki.

II. Skipulagning og stjórn.

Skipulagning og samhæfing.

3. Við skipulagningu menntunar og þjálfunar í hverju landi ættu hlutaðeigandi stjórnvöld í löndum, sem hafa eða ætla að byggja upp fiskiðnað, að tryggja það, að í hinu almenna þjálfunarkerfi sé nægilega séð fyrir þjálfun fiskimanna.
4. Ef aðstæður í einhverju landi eru þannig að ekki er unnt að veita öll nauðsynleg stig þjálfunar fyrir fiskimenn, ætti að taka til athugunar möguleika á samvinnu við önnur lönd og fjölþjóðlegar stofnanir um sameiginlega þjálfun, sem ekki er hægt að veita í einstökum löndum, til sérstakra starfa eða þjálfunarstigs.
5. (1) Starsemi allra stofnana einstaklinga og hins opinbera í hverju landi, sem annast þjálfun fiskimanna, ætti að samhæfa og efla á grundvelli áætlunar fyrir landið í heild.
   (2) Slíkar áætlanir ætti hlutaðeigandi stjórnvald að gera í samvinnu við samtök fiskiskipaeigenda og fiskimanna, mennta- og fiskirannsóknastofnana og aðrar stofnanir og einstaklinga, sem hafa góða þekkingu á starfsþjálfun fiskimanna. Í þróunarlöndum, þar sem sérstökum fiskimála- eða fiskirannsóknastofnunum er komið á fót í samvinnu við önnur lönd eða fjölþjóðlegar stofnanir, ættu slíkar stofnanir að gegna meginhlutverki í gerð þessara áætlana.
   (3) Til þess að auðvelda skipulagningu, þróun, samhæfingu og stjórn vinnuþjálfunar ætti, þar sem því verður við komið, að koma á fót ráðgefandi og stjórnandi stofnunum, er séu sameiginlegar fyrir allt landið eða einstaka landshluta eftir því, sem við á.
6. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að sjá til þess að hinar ýmsu stofnanir, sem annast dreyfingu upplýsinga um möguleika til þjálfunar og vinnu, svo sem barnaskólar og framhaldsskólar, stofnanir, sem veita leiðbeiningar um stöðuval og störf, vinnumiðlunarskrifstofur, þjálfunarstofnanir og félög fiskiskipaeigenda og fiskimanna, fái allar upplýsingar um þjálfunarstarfsemi fyrir fiskimenn á vegum hins opinbera og einstaklinga og um kjör á fiskveiðum.
7. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að tryggja það, að þjálfunarkerfi fyrir fiskimenn séu fyllilega samræmd við sérhverja aðra starfsemi hins opinbera eða einstaklinga, sem varðar fiskiðnað. Sérstaklega ber þeim að fullvissa sig um að:
   a. fiskirannsóknastofnanir geri upplýsingar um þær uppgötvanir, sem þýðingu hafa fyrir fiskveiðar, aðgengilegar þeim, sem þjálfun annast og öðrum stofnunum, sem þær varða svo og starfandi fiskimönnum fyrir milligöngu þeirra; þar sem því verður við komið, ættu rannsóknastofnanirnar að styrkja framhaldsþjálfun fiskimanna, og þjálfunarstofnanir fiskimanna ættu að aðstoða þessar stofnanir í störfum þeirra, eftir því, sem við á;

b. með almennri menntun á undan eða samtímis starfsþjálfun séu gerðar ráðstafanir til þess að hækka menntunarstig í samfélögum fiskimanna í því skyni að auka lífsgleði fiskimanna og gera þeim auðveldara að njóta starfslegrar og tæknilegrar þjálfunar;
c. í samvinnu við félög fiskiskipaeigenda og fiskimanna séu gerðar ráðstafanir til þess að, að öðru jöfnu, gangi sá fyrir um ráðningu í starf, sem hefur lokið verknámskeiði á vegum hins opinbera eða einstaklinga;
d. í samvinnu við félög fiskiskipaeigenda og fiskimanna séu gerðar ráðstafanir til þess — einkum í þróunarlöndum — að þeir, sem lokið hafa verknámskeiðum, fái vinnu á fiskiskipum eða sé gert kleift að eignast og reka hæfilega búin fiskiskip annað hvort einir eða með því að stofna samvinnufélög til kaupa og útgerðar fiskibáta, eða með öðrum hætti, sem við á;
e. fjöldi þjálfaðra fiskimanna samsvari þeim fjölda báta og veiðitækjum, sem til eru eða áætlað er að verði til reiðu í landinu.

Fjármögnun.

8. (1) Þjálfun fiskimanna ætti að vera skipulögð og kerfisbundin. Fjárveitingar til þjálfunar ættu að vera reglulegar og nægar með tilliti til ríkjandi og áætlaðrar þarfar og þróunar fiskiðnaðarins.
(2) Þar sem þess er þörf, ætti ríkisstjórnin að veita fjárhagslega aðstoð til þjálfunar, sem sveitarfélög eða einkastofnanir veita. Þessi aðstoð getur verið í formi almennra fjárstyrkja, eða þannig að látið sé í té land, byggingar, kennslutæki svo sem bátar, vélar, skipstjórnartæki og veiðitæki svo og ókeypis kennsla eða að kennslugjald sé greitt fyrir nemendur.
(3) Þjálfun í opinberum þjálfunarstöðvum fyrir fiskimenn ætti að veita nemendum að kostnaðarlausu. Auk þess ætti að greiða fyrir þjálfun fátækra manna eldri og yngri með fjárhagslegri aðstoð þeirrar tegundar, sem um ræðir í 3. og 5. tölul. 7. greinar Tillögu frá 1962 um starfsþjálfun.

Hæfniskröfur.

9. (1) Í samvinnu við stofnanir þær, sem nefndar eru í 3. tölul. 5. greinar þessarar tillögu, ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að semja og setja almennar kröfur um þjálfun fiskimanna, sem gildi fyrir allt landið. Þessar kröfur ættu að vera í samræmi við þau skilyrði, sem uppfylla þarf til þess að fá hin ýmsu hæfnisskírteini fiskimanna og þar skal kveðið á um:
a. lágmarksaldur til þátttöku í þjálfun fiskimanna;
b. hvers konar læknisskoðun skuli gerð á þeim, sem hefja þjálfun, þ. á m. um röntgenskoðun á brjósti og athugun á sjón og heyrn. Þessi skoðun getur verið mismunandi, einkum að því er varðar sjón og heyrn, eftir því hvort maður ætlar að sækja námskeið fyrir þá sem vinna á þilfari eða í vél;
c. hverrar almennrar menntunar skuli krefjast til þátttöku í námskeiðum fyrir fiskimenn;
d. námsgreinar svo sem veiðar, skipstjórn og sjómennsku, öryggi, vélaþekkingu, matreiðslu og aðrar greinar, sem taka skuli í námsskrá;
e. verklega þjálfun, sem nemendur skuli fá, svo sem starfstíma á vélaverkstæði eða á sjó;
f. lengd námskeiða fyrir hinar ýmsu greinar sjávarútvegs og mismunandi stig;
g. hvernig próf skuli tekin að námskeiði loknu, og
h. reynslu og hæfni kennara við þjálfunarstofnanir.
(2) Þegar ekki er hægt að setja kröfur, sem gildi fyrir allt landið, ættu hlutaðeigandi stjórnvöld í samvinnu við stofnanir þær, sem nefndar eru í 3. tölul.

5. greinar þessarar tillögu, að gera tillögur, sem verið geta til leiðbeiningar og stuðlað að setningu reglna, sem yrðu sem líkastar um allt landið.

III. Námsefni.

10. Námsefni hinna ýmsu námskeiða fyrir fiskimenn ætti að byggjast á skipulögðum rannsóknum á störfum við fiskveiðar og hún skyldi gerð í samvinnu við stofnanir þær, sem nefndar er í 3. tölul. 5. greinar þessarar tillögu. Námsefni ætti að endurskoða á tilteknum fresti þannig að það fylgi tæknilegum framförum og ætti, eftir því sem hæfir þeim störfum, sem vinna skal, taka til þjálfunar í:
    a. tæknilegum veiðiaðferðum, þ. á m. meðferð fiskileitartækja, þar sem það á við, og notkun, viðhaldi og viðgerðum á veiðarfærum,
    b. siglingafræði, sjómennska og skipsstjórn, eftir því hvaða veiðisvæði og hvers konar veiðar er áformað að stunda, svo og nægilegri þekkingu á alþjóðareglum til að forðast árekstra á sjó,
    c. stöflun, hreinsun og aðgerð á fiski í skipi,
    d. viðhaldi skipa og þess háttar,
    e. stjórn, viðhaldi og viðgerðum á gufuvélum eða dísil- eða benzínvélum og öðrum tækjum, sem nemandi kann að þurfa að nota,
    f. notkun og gæzlu radio- og radartækja, sem nemandinn kann að þurfa að nota,
    g. öryggisráðstöfunum á sjó og við meðferð veiðarfæra, þ. á m. atriðum eins og stöðugleika skips, áhrifum ísingar, eldvörnum, vatnsþéttni, persónulegu öryggi, öryggisbúnaði véla og tækja, öryggisráðstöfunum í reiða skips og vélarrúmi, meðferð björgunarbáta og notkun útblásinna björgunarfleka, hjálp í viðlögum og öðrum svipuðum efnum,
    h. fræðilegum efnum varðandi fiskveiðar svo sem líffræði í sjó og hafrannsóknum, sem veiti nemendunum víðtæka undirstöðu til að afla sér frekari þekkingar og þjálfunar, sem leitt geti til frekari frama í starfi og greiði þeim aðgang að öðru starfi eða annarri tegund veiða,
    i. almennum greinum, enda þótt fræðsla í þessum greinum sé takmörkuð á stuttum námskeiðum,
    j. notkun, viðhaldi og viðgerðum á kælikerfum, slökkvitækjum, þilfars- og togvindum og öðrum tæknibúnaði á fiskiskipum,
    k. undirstöðuatriðum rafkerfis í skipum og viðhaldi og viðgerðum á rafvélum og raftækjum í fiskiskipum,
    l. heilbrigði og líkamsrækt, einkum sundi, þar sem aðstæður leyfa,
    m. sérstökum störfum á þilfari, í vélarúmi og öðrum greinum að lokinni undirbúningsþjálfun í fiskveiðum almennt.

11. (1) Í hverju landi fyrir sig ætti, eftir því sem við á og nauðsynlegt þykir, að setja ákvæði um hæfnisskírteini eða vottorð, sem veita manni réttindi til að vera skipstjóri (mismunandi stig), stýrimaður (mismunandi stig), vélstjóri (mismundandi stig), fiskitæknir (mismunandi stig), bátsmaður, fullgildur fiskimaður (mismunandi stig), matreiðslumaður, eða gegna öðrum störfum á þilfari eða í vélarrúmi.

    (2) Námsskrá ætti einkum að miða að því að gera nemandann hæfan til þess að fá hæfnisskírteini og miðast við þær kröfur, sem til þess eru gerðar. Tekið skal tillit til lágmarksaldurs og lágmarksreynslu, sem hlutaðeigandi stjórnvald hefur sett um hinar ýmsu gerðir hæfnisskírteina.

    (3) Í löndum þar sem ekki eru haldin próf vegna útgáfu hæfnisskírteina eða í einstökum störfum, ætlu námskeið samt sem áður að unirbúa nemendur til sérstakra starfa svo sem þeirra, sem nefnd eru hér að framan. Allir nemendur,

sem lokið hafa slíkum námskeiðum með fullnægjandi árangri, ættu að fá vottorð um það.

12. (1) Veita ætti fiskimönnum þjálfun til þess að þeir geti tekið að sér að vera skipstjórar eða vélstjórar á öllum gerðum skipa, sem notuð eru til fiskveiða í hlutaðeigandi landi, þ. á m. stærri skipa, sem stunda veiðar á fjarlægum miðum.
(2) Þar sem það á við með tilliti til skipa í notkun, ætti að koma á fót námskeiðum hærra stigs þar sem veitt er kennsla í fiskveiðum og skipstjórn í svipuðum mæli og yfirmenn á farskipum njóta, en veiti þjálfun í þeim grundvallaratriðum, sem varða fiskveiðar.

13. Námstíminn á hinum ýmsu námskeiðum ætti að vera nægilega langur til þess að nemendur geti tileinkað sér þær leiðbeiningar, sem gefnar eru og hann ætti að ákveða með tilliti til eftirfarandi atriða:
a. Það stig þjálfunar, sem krafizt er til þeirra starfa, sem námskeiðið er miðað við,
b. almenn menntun og aldur, sem krafizt er til þátttöku í námskeiðinu,
c. fyrri reynsla nemandans, og
d. hversu brýn þörf er fyrir þjálfaða fiskimenn í landinu, enda sé ekki vikið frá eðlilegum hæfniskröfum.

14. (1) Kennarar ættu að hafa víðtæka almenna menntun, faglega menntun og nægilega starfsreynslu við fiskveiðar.
(2) Ef ekki er unnt að fá kennara með þessari hæfni, ætti að ráða menn, sem hafa starfsreynslu við fiskveiðar og hafa í höndum viðeigandi hæfnisskírteini.
(3) Þegar ekki er unnt að ráða kennara með starfsreynslu í fiskveiðum í fullt starf ætti að ráða menn til tímakennslu með nægilega starfsreynslu og viðeigandi reynslu í fiskveiðum.
(4) Allir kennarar ættu að vera hneigðir til kennslustarfa og hlutaðeigandi fræðsluyfirvöld ættu að veita þeim viðeigandi þjálfun í kennslu.

Undirbúningsþjálfun.

15. Í fiskveiðilöndum ætti að gera ráðstafanir í samræmi við Samþykkt frá 1959 um lágmarksaldur fiskimanna til þess að veita skólabörnum undirbúningsþjálfun meðal annars í undirstöðuatriðum sjómennsku, frumatriðum fiskveiða og skipstjórnar eftir því sem hæfir aðstæðum í hlutaðeigandi landi.

Stutt námskeið fyrir starfandi fiskimenn.

16. Veita ætti starfandi fiskimönnum aðgang að námskeiðum til þess að gera þeim fært að auka tæknilega hæfni sína og þekkingu og fylgjast með nýjungum í fiskveiðum og skipstjórn svo og til að veita þeim möguleika á frama í starfi.

17. (1) Námskeið fyrir starfandi fiskimenn ættu sérstaklega að miða að því:
a. að bæta upp hin löngu grundvallarnámskeið með því að veita frekari sérstaka þjálfun, sem veiti möguleika til frama í störfum,
b. að veita þjálfun í nýrri veiðitækni og í notkun, viðhaldi og viðgerðum nýrra tegunda véla eða veiðitækja svo og gerð veiðitækja, þar sem það á við,
c. að veita öll stig þjálfunar þeim fiskimönnum, sem ekki geta tekið þátt í löngu grundvallarnámskeiði,
d. að veita skjóta þjálfun í þróunarlöndum.
(2) Námskeiðin ættu að standa stuttan tíma og þau skyldu talin vera til viðbótar hinum lengri grundvallarnámskeiðum en ekki koma í þeirra stað.

18. Námskeiðin sem geta verið farandnámskeið, þannig að kennarar og kennslutæki eru flutt milli verstöðva og ættu einkum að vera fólgin í:
a. kvöldnámskeiðum,

b. árstíðabundnum námskeiðum, sem haldin eru þegar ógæftir eru eða lítil fiskveiði,
c. dagnámskeið fyrir fiskimenn, sem hverfa frá vinnu um stuttan tíma.

19. (1) Allar viðeigandi ráðstafanir ætti að gera til þess að gera vinnandi fiskimönnum kleift að stunda stutt námskeið í landi.
(2) Fiskimenn ættu að fá hæfilega greiðslu fyrir þann tíma, sem þeir stunda stutt námskeið.

20. Þar sem lengri eða styttri námskeið fyrir fiskimenn fullnægja ekki þörfinni, einkum á einangruðum stöðum, ætti að bæta þessi námskeið upp með:
a. námskeiðum í útvarpi og sjónvarpi, sem veita upplýsingar um fiskveiðar,
b. bréfanámskeiðum, sem miðast við þarfir starfandi fiskimanna og miðuð eru við notkun fyrir námshópa með einstökum fyrirlestrum eða í yrkisskólum,
c. reglulegum heimsóknum vísindamanna og leiðbeinenda til verstöðva.

IV. Kennsluaðferðir.

21. Kennsluaðferðir á námskeiðum fyrir fiskimenn ættu að vera svo raunhæfar sem mögulegt er, með tilliti til tegundar námskeiðanna, reynslu nemenda, almennrar menntunar þeirra og aldurs svo og kennslutækja og fjárframlaga, sem eru til ráðstöfunar.

22. Þjálfun í starfi, sem nemendur taka sjálfir þátt í ætti að vera veigamikill þáttur í þjálfunarkerfi fiskimanna.

23. (1) Allar þjálfunarstofnanir ættu að nota æfingaskip við þjálfun fiskimanna til þess að veita fræðslu í veiðitækni, sjómennsku og skipsstjórn, vélgæzlu og öðrum atriðum. Þessi skip ættu að stunda raunverulegar fiskveiðar.
(2) Þegar því verður við komið, ættu æfingaskip að vera í tengslum við tæknilega skóla, sem veita framhaldsþjálfun.

24. (1) Við kennslu ætti að nota hjálpartæki svo sem vélar, veiðarfæri, líkön af fiskiskipum, verkstæðisáhöld og stjórntæki.
(2) Slík hjálpartæki ættu að vera útbúin í samvinnu við fiskirannsóknarstofnanir og meðal þeirra ættu að vera nýjustu veiðarfæri og stjórntæki.
(3) Slík tæki ætti að velja með tilliti til þeirra veiðarfæra, báta og véla, sem nemendur munu þurfa að nota.
(4) Enda þótt kvikmyndir og önnur slík tæki geti verið hagkvæm í einstökum tilvikum, ættu þau ekki að koma í stað kennslutækja, sem nemendur geta tekið sjálfir þátt í að nota.
(5) Skipuleggja ætti heimsóknir nemenda í fiskiskip, sem búin eru nýtízkulegum eða sérstökum útbúnaði, fiskirannsóknastofnanir eða verstöðvar fjarri skólanum.

25. Starfslega reynslu má einnig veita með veiðiferðum á fiskiskipum.

26. Bókleg kennsla, þar með talin almenn menntun, sem veitt er á námskeiði ætti að vera í beinu sambandi við þá þekkingu og hæfni, sem krafizt er af fiskimönnum og ætti að vera samcinuð tæknilegri þjálfun, sem látin er í té.

V. Alþjóðleg samvinna.

27. (1) Hin ýmsu ríki ættu að hafa samvinnu um eflingu starfsþjálfunar fiskimanna, einkum í þróunarlöndum.
(2) Þessi samvinna ætti, eftir því sem við á, að taka til atriða eins og:
a. með aðstoð alþjóðastofnana eða annarra ríkja, að útvega og þjálfa kennara til þess að koma á fót og bæta aðstöðu fiskimanna til þjálfunar,
b. að koma á fót sameiginlegri þjálfun eða sameiginlegum fiskirannsóknastofnunum með öðrum ríkjum.

c. að veita nemendum og kennaraefnum frá öðrum löndum aðstöðu til þjálfunar og að senda nemendur og kennaraefni til þjálfunar í öðrum löndum,
d. að koma á fót alþjóðlegum skiptum á starfsliði og alþjóðlegum námskeiðum og vinnuhópum,
e. að útvega kennara til fiskimannaskóla í öðrum löndum.

Fylgiskjal VI.

Tillaga nr. 127 um hlutverk samvinnufélaga í efnahagslegri og félagslegri framþróun í þróunarlöndum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar saman komið til 50. þingsetu sinnar hinn 1. júní 1966 samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur samþykkt tilteknar ábendingar um hlutverk samvinnufélaga í efnahagslegum og félagslegum framförum þróunarlanda, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins og þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skulu gerðar í tillöguformi samþykkir það í dag hinn 21. júní árið 1966 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga frá 1966 um samvinnufélög í þróunarlöndum:

I. *Gildissvið.*

1. Þessi tillaga tekur til allra tegunda samvinnufélaga þar með talin neytendafélög, jarðræktarfélög, félög til framleiðslu og vinnslu landbúnaðarvara, innkaupastofnanir fyrir landbúnaðarvörur, sölufélög landbúnaðarvara, fiskiveiðafélög, þjónustufélög, iðnaðarfélög, verktakafélög, sparisjóðir, lánastofnanir og bankar, byggingafélög, flutningafélög, tryggingafélög og félög um heilsuvernd.

II. *Markmið samvinnufélaga.*

2. Stofnun og efling samvinnufélaga ætti að teljast eitt megin atriði í efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri svo og mannlegri framþróun í þróunarlöndum.
3. Sérstaklega ætti að stofna og efla samvinnufélög sem tækja til þess að:
   a. efla efnahagslega, félagslega og menningarlega stöðu efnalítils fólks svo og möguleika þess og athafnaþrá,
   b. auka fjármagn samfélagsins og einstaklinga með því að hvetja til sparnaðar, koma í veg fyrir okur og með skynsamlegri notkun lánsfjár,
   c. veita efnahagslífinu aukna lýðræðislega stjórn og að hagnaðurinn skiptist réttilega,
   d. auka þjóðartekjurnar, útflutningstekjurnar og atvinnu með fyllri hagnýtingu auðlinda til dæmis með jarðabótum og byggingu lands í því skyni að koma nýjum landsvæðum í arðbæra notkun og með því að koma á fót nýjum iðngreinum, sem helzt væru dreifðar um landið til þess að færa í nyt hráefni, sem fyrir hendi eru á ýmsum landsvæðum,
   e. bæta félagslegar aðstæður og auka þjónustu hins opinbera á sviðum eins og húsnæðismálum og þar sem það á við heilbrigðismálum, menntamálum og samgöngumálum,
   f. aðstaða við að auka almenna og tæknilega þekkingu meðlima þeirra.
4. Ríkisstjórnir í þróunarlöndum ættu að semja og framkvæma áætlanir um að veita samvinnufélögum aðstoð og hvatningu efnahagslega, tæknilega, lögfræðilega eða annars konar, án þess að skerða sjálfræði þeirra.
5. (1) Í framkvæmd slíkra áætlana ætti að taka tillit til efnahagslegra og félagslegra aðstæðna, auðlinda, sem eru fyrir hendi, og þess, hvern hlut samvinnufélög geta átt í framþróun hlutaðeigandi lands.
   (2) Þegar áætlanir ætti að fella inn í framfaraáætlanir að svo miklu leyti sem það samrýmist sérkennum samvinnufélaga.

6. Þessar áætlanir ætti jafnan að endurskoða og aðlaga þær breytingum á félagslegum og efnahagslegum þörfum og tæknilegum framförum.
7. Samvinnufélög, sem starfandi eru, ættu að taka þátt í samningu og framkvæmd þessara áætlana þar sem því verður við komið.
8. Hvetja ætti samvinnuhreyfinguna til þess að leita samvinnu við félög með sömu markmiðum við samningu og framkvæmd áætlananna þar sem það á við.
9. (1) Hlutaðeigandi ríkisstjórnir ættu að fá samvinnufélög á sama hátt og önnur fyrirtæki til þátttöku í samningu efnahagsáætlana ríkisins og öðrum efnahagsráðstöfunum a. m. k. þegar slíkar áætlanir og ráðstafanir eru líklegar til að hafa áhrif á starfsemi þeirra. Samvinnufélög ættu einnig að taka þátt í þeim áætlunum og aðgerðum eftir því sem það samrýmist sérkennum þeirra.
(2) Að því er snertir þau atriði, sem kveðið er á um í greinunum 7 og 9 (1) í þessari tillögu, ætti að veita samböndum samvinnufélaga rétt til þess að koma fram fyrir þeirra hönd innan tiltekins landshluta eða landsins í heild.

III. *Aðferðir við framkvæmd stefnumála varðandi samvinnufélög.*

A. Löggjöf.

10. Allar viðeigandi ráðstafanir, þ á m. með samráði við starfandi samvinnufélög, skyldi gera til þess að:
    a. finna og afnema ákvæði laga og reglugerða, sem haft geta í för með sér ótilhlýðilega hindrun á þróun samvinnufélaga með því að mismuna þeim t. d. í sambandi við skattlagningu eða úthlutun leyfa eða kvóta, eða með því að taka ekki tillit til sértaks eðlis samvinnufélaga eða hinna sérstöku reglna, sem gilda um starfsemi samvinnufélaga,
    b. koma í veg fyrir að slík ákvæði séu sett í lög eða reglugerðir,
    c. aðhæfa skattalög og reglugerðir hinum sérstöku aðstæðum samvinnufélaga.
11. Til ættu að vera lög eða reglugerðir um stofnun og starfsemi samvinnufélaga, sem verndi rétt þeirra til að starfa á jafnréttisgrundvelli við önnur fyrirtæki. Þessi lög eða reglugerðir ættu helzt að gilda um hvers konar samvinnufélög.
12. (1) Þessi lög eða reglugerðir ættu að hafa að geyma ákvæði um eftirtalin atriði:
    a. skilgreiningu eða lýsingu á samvinnufélagi, sem greini aðalsérkenni þess þ. e. að það sé félagsskapur manna, sem af frjálsum vilja hafa sameinazt til þess að vinna að sameiginlegu markmiði með stofnun félags með lýðræðislegri stjórn og leggi þeir fram sanngjarnan hluta af nauðsynlegu fjármagni, taki á sig sanngjarnan hluta áhættu og njóti arðs af þeirri starfsemi, sem þeir taka raunhæfan þátt í;
    b. lýsingu á tilgangi samvinnufélags og aðferðum við stofnun þess og skráningu, breytingar á samþykktum þess og um félagsslit;
    c. skilyrði til inngöngu í félagið svo sem um hámarkshluta hvers félagsmanns svo og, þar sem það á við, hve mikill hluti skuli greiddur við innritun í félagið og frest til fullnaðargreiðslu, enn fremur um réttindi og skyldur félagsmanna, sem nánar skyldi tiltaka í samþykktum samvinnufélaga;
    d. fyrirkomulag á stjórn, rekstri og eigin endurskoðun og enn fremur reglur um stofnun og starfsemi ábyrgra stofnana;
    e. verndun nafnsins „samvinnufélag“;
    f. ákvæði um endurskoðun reikninga samvinnufélaga, leiðbeiningar þeim til handa og eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða.
    (2) Reglur þær, sem settar eru í slíkum lögum eða reglugerðum, einkum reglur um skráningu, ættu að vera eins einfaldar og hagkvæmar og mögulegt er svo að þær hefti ekki myndun og þróun samvinnufélaga.
13. Lög og reglugerðir um samvinnufélög ættu að leyfa samvinnufélögum að mynda með sér sambönd.

B. Menntun og þjálfun.

14. Gera ætti ráðstafanir til þess að veita fólki í þróunarlöndunum þekkingu á meginreglum og starfsháttum samvinnufélaga, möguleikum þeirra og takmörkunum.
15. Viðeigandi fræðslu um þetta mál ætti ekki einungis að veita í samvinnuskólum og öðrum sérhæfðum skólum, heldur einnig í menntastofnunum eins og:
    a. háskólum og öðrum æðri menntastofnunum,
    b. kennaraskólum,
    c. búnaðarskólum, öðrum yrkisskólum og fræðslustofnunum fyrir verkamenn,
    d. framhaldsskólum,
    e. barnaskólum.
16. (1) Stuðla ætti að stofnun og starfsemi samvinnufélaga meðal skólafólks til þess að auka raunhæfa þekkingu þess á meginreglum og starfsháttum samvinnufélaga.
    (2) Á sama hátt ætti að hvetja félög verkamanna og iðnaðarmanna til þess að koma í framkvæmd áformum um eflingu samvinnufélaga og veita þeim aðstoð til þess.
17. Gera ætti ráðstafanir til þess að kynna hinum fullorðnu meginreglur, starfsaðferðir og möguleika samvinnufélaga.
18. Við fræðslu ætti að notfæra í fullum mæli fræðslumiðlara svo sem kennslubækur, fyrirlestra, námskeið, umræðuhópa, umferðakennara, heimsókn í samvinnufyrirtæki, blöð, kvikmyndir, hljóðvarp og sjónvarp og önnur fjölmiðlunartæki. Fræðsluhættir skulu aðlagaðir aðstæðum í hverju landi.
19. (1) Gera ætti ráðstafanir til þess að veita viðeigandi tæknilega þjálfun og fræðslu um meginreglur og starfshætti samvinnufélaga, þeim, sem ætla að verða stjórnendur eða meðlimir samvinnufélaga, eða eru það þegar, svo og ráðgjöfum og blaðafulltrúum slíkra félaga.
    (2) Þar sem ríkjandi aðstæður eru ófullnægjandi, ætti að setja á stofn sérstaka skóla til slíkrar fræðslu, sem veitt væri af sérstökum kennurum eða leiðtogum samvinnuhreyfingarinnar með námsefni, sem hæfi þörfum í hlutaðeigandi landi. Ef ekki er unnt að stofna slíka skóla, ætti að koma upp námskeiðum í samvinnumálum, annað hvort bréfanámskeiðum eða námskeiðum í stofnunum, sem kenna bókhald, stjórnun eða viðskiptafræði.
    (3) Meðal þeirra ráðstafana, sem gerðar eru til þess að auka menntun og þjálfun meðlima samvinnufélaga ætti að gera sérstakar ráðstafanir um verklega þjálfun.

C. Aðstoð til samvinnufélaga.

Fjárhagsleg aðstoð.

20. (1) Þegar nauðsyn krefur, ætti að veita samvinnufélögum utanaðkomandi fjárhagsaðstoð, er þau hefja starfsemi sína eða fjárhagsörðugleikar standa í vegi fyrir vexti þeirra eða breytingum.
    (2) Þess konar aðstoð ætti ekki að hafa í för með sér neinar skuldbindingar, sem andstæðar eru sjálfstæði eða hagsmunum samvinnufélaga og ætti hún að ýta undir framtak og framlög meðlimanna en ekki að koma í þess stað.
21. (1) Þessi aðstoð ætti að vera í formi lána eða ábyrgðar.
    (2) Einnig mætti veita framlög og lækkun eða niðurfellingu skatta einkum til þess að kosta:
    a. auglýsinga- og upplýsingastarfsemi;
    b. sérstaklega tiltekin verkefni í almennings þágu.
22. Þegar samvinnuhreyfingin getur ekki veitt þessa aðstoð ætti hún helzt að koma frá ríkinu eða öðrum opinberum aðilum, en þó mætti hún koma frá einkastofnunum ef nauðsyn krefur. Slíka aðstoð ætti að samræma til þess að koma í veg

fyrir að fleiri en einn aðili veiti aðstoð til hins sama og of mikla dreyfingu fjármuna.

23. (1) Framlög og lækkun eða niðurfelling skatta ætti að vera háð skilyrðum, sem sett væru með lögum eða reglugerðum, einkum að því er tekur til þess, hvernig aðstoðin er notuð og hversu mikil hún skuli vera. Skilyrðin fyrir lánum og ábyrgðum má ákveða í hverju tilfelli.
(2) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að tryggja það, að fullnægjandi eftirlit sé haft með hagnýtingu aðstoðar og endurgreiðslu lána.

24. (1) Fjárhagsaðstoð frá opinberum eða hálfopinberum stofnunum ætti að veita með milligöngu samvinnubanka, en sé hann ekki til skal hún veitt með milligöngu samvinnustofnunar, sem getur tekið á sig ábyrgð á hagnýtingu aðstoðarinnar og endurgreiðslu. Þar til slíkum stofnunum hefur verið komið á fót má veita aðstoðina beint til einstakra samvinnufélaga.
(2) Fjárhagsaðstoð frá einkastofnunum má veita beint til einstakra samvinnufélaga að teknu tilliti til ákvæða í gr. 20. (2).

Aðstoð við stjórnun.

25. Enda þótt það sé veigamikið aðriði að stjórn samvinnufélaga sé frá upphafi í höndum félagsmanna og manna, sem þeir kjósa, ætti hlutaðeigandi stjórnvald þegar þess gerist þörf og aðeins á byrjunarskeiði:
a. að aðstoða samvinnufélög, ráða og launa hæft starfslið;
b. að láta samvinnufélögum í té menn, sem færir eru um að gefa góð ráð og leiðbeiningar.

26. (1) Yfirleitt ættu samvinnufélög að eiga kost á ráðleggingum og leiðbeiningum viðvíkjandi stjórnun þeirra og tæknilegum atriðum á þann hátt að fullt tillit sér tekið til sjálfstæðis þeirra og þeirrar ábyrgðar, sem hvílir á meðlimum þeirra, stofnunum eða starfsliði.
(2) Slíkar ráðleggingar og leiðbeiningar ættu helzt að koma frá samböndum samvinnufélaga eða hlutaðeigandi stjórnvaldi.

D. Eftirlit og ábyrgð á framkvæmdum.

27. (1) Samvinnufélög ættu að vera háð eftirliti til tryggingar því að þau starfi í samræmi við tilgang sinn og ákvæði laga.
(2) Eftirlit ætti að vera í höndum sambanda samvinnufélaga eða hlutaðeigandi stjórnvalds.

28. Endurskoðun reikninga samvinnufélaga, sem eru meðlimir í sambandi samvinnufélaga, ætti að vera í höndum sambandsins. Hafi slíkt samband ekki verið stofnað eða geti ekki annazt þessa þjónustu skal hlutaðeigandi stjórnvald eða hlutlaus aðili annast hana.

29. Þær ráðstafanir, sem um ræðir í 27. og 28. gr. þessarar tillögu, ættu að vera þannig skipulagðar og framkvæmdar að þær:
a. tryggi góða stjórn samvinnufélaga;
b. verndi þriðja aðila;
c. veiti mögulcika til að fullkomna menntun og þjálfun stjórnenda og starfsliðs samvinnufélaga með raunhæfum störfum og athugunum á mistökum.

30. (1) Til þess að tryggja samræmingu í aðgerðum ætti ein stofnun að annast starfsemina til eflingar samvinnufélaga, þjálfun stjórnenda og starfsliðs þeirra og leiðbeiningar um skipulag og starfsemi.
(2) Þessa starfsemi ætti samband samvinnufélaga helzt að annast. Hafi slíkt samband ekki verið stofnað ætti hlutaðeigandi stjórnvald eða aðrir til þess hæfir aðilar að annast þessa starfsemi eftir því sem við á.

31. (1) Störf þau, sem um ræðir í 30. grein ættu að vera föst störf.
(2) Þau ættu að vera unnin af mönnum, sem hafa hlotið sérstaka þjálfun í slíkum störfum. Slíka þjálfun ætti að veita í sérhæfðum stofnunum eða, þar

sem það á við, á sérstökum námskeiðum í skólum þeim, sem nefndir eru í 19. grein þessarar tillögu.

32. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að taka saman og gefa út a. m. k. árlega greinargerð og hagskýrslur um starfsemi og þróun samvinnufélaga í þjóðarbúskapnum.

33. Ef þjónusta, sem samvinnusambönd eða aðrar stofnanir veita, fullnægja ekki þörfum fyrir rannsóknir, skipti á upplýsingum um reynslu og skipti á ritum, ætti ef nauðsynlegt er að að setja á fót sérstakar stofnanir í þessu skyni, sem þjónuðu öllu landinu eða ýmsum landshlutum.

IV. *Alþjóðlegt samstarf.*

34. (1) Aðildarríkin ættu af fremsta megni að hafa samstarf um hjálp og hvatningu til samvinnufélaga í þróunarlöndunum.

(2) Slíku samstarfi skal komið á fót

a. milli þróunarlandanna,
b. milli landa á sérstökum svæðum sér í lagi innan ramma félagssamtaka, sem taka til einstakra heimshluta,
c. milli landa með þróaða samvinnuhreyfingu og þróunarlandanna.

(3) Eftir því sem við á, ætti að hvetja samvinnufélög einstakra ríkja til þess að taka þátt í slíku samstarfi og einnig skal nota alþjóðleg samvinnusambönd og aðrar stofnanir einkum með það fyrir augum að samræma alþjóðlegar aðgerðir.

(4) Þetta samstarf ætti að taka til aðgerða eins og

a. aukinnar tæknilegrar aðstoðar til samvinnuhreyfingar í þróunarlöndunum, þar sem því verður við komi, með samræmdum áætlunum með þátttöku ýmissa stofnana bæði á vegum ríkisins og annarra;
b. að útbúa og dreifa upplýsingum, kennslubókum, útvarps- og sjónvarpsefni og þess háttar efni til þess að aðstoða við samningu laga, til upplýsinga um samvinnu og til þjálfunar stjórnenda og sérhæfðs starfsliðs samvinnufélaga;
c. skipta á sérhæfðu starfsfólki;
d. veitingu námsstyrkja;
e. skipulagningar fjölþjóðlegra námskeiða og umræðuhópa;
f. gagnkvæmra viðskipta samvinnufélaga með vörur og þjónustu;
g. kerfisbundinna rannsókna á uppbyggingu samvinnuhreyfingarinnar í þróunarlöndunum, starfsaðferða hennar og vandamálum;

V. *Sérstakar reglur um hlutverk samvinnufélaga í meðferð einstakra vandamála.*

35. Það skyldi viðurkennt að samvinnufélög geta í vissum tilvikum haft sérstöku hlutverki að gegna í meðferð einstakra vandamála þróunarríkja.

36. Í viðauka þessarar tillögu koma fram uppástungur, sem skýra það, hvernig mismunandi gerðir af samvinnufélögum geta stuðlað að vel heppnuðum framförum í landbúnaði og bættum lífskjörum hlutaðeigandi fólks.

Viðauki.

1. Með tilliti til þýðingar samvinnufélaga fyrir almenna efnahagslega og félagslega þróun og sem tæki til þess að fá sveitafólk með í framþróunina og enn fremur með tilliti til hins uppalandi og menningarlega gildis þeirra verður að líta svo á að þessi félagsstarfsemi hafi miklu hlutverki að gegna í þróun landbúnaðarins.
2. Samvinnufélög ber að hagnýta sem tæki til að meta vandamál og áhugamál sveitafólks í sambandi við áætlanir og framkvæmdir til umbóta í landbúnaði. Þau

skal einnig nota til dreifingar á upplýsingum meðal sveitafólks til þess að auka skilning á markmiðum slíkra umbóta og starfsaðferðum við þær.

3. Einkum skal gefa gaum að þróun viðeigandi forma samvinnufélaga, sem hæfa hinum ýmsu gerðum og stigum umbóta í landbúnaði. Þau ættu að gera jarðræktarmönnum kleift að stunda búskap sinn á raunhæfan og arðsaman hátt og veita meðlimum sínum sem mesta möguleika til frumkvæðis og þátttöku í störfum.
4. Þar sem það á við, ætti að hvetja til sjálfviljugs samvinnubúskapar. Slík samvinna getur verið allt frá samvinnu um einstaka þjónustu til algjörrar samvinnu er taki til landsins vinnuafls og tækja.
5. Þar sem það á við, ætti að hvetja til þess að menn af frjálsum vilja sameini jarðarskika og nytji þá á samvinnugrundvelli.
6. Þegar um það er að ræða að eigendaskipti eða skipting stórjarða eru áformuð, ætti að íhuga vel að viðtakendur stofni til samvinnu um búreksturinn.
7. Stofnun samvinnureksturs ætti einnig að hugleiða í sambandi við áform um stofnun búreksturs einkum með tilliti til nýræktunar, jarðabóta og skipulagningar samvinnu um þjónustu og landbúnaðarframkvæmdir nýbýlinga.
8. Hvetja ætti nýbýlinga og smábændur til þess að stofna sparisjóði og lánastofnanir á samvinnugrundvelli og samvinnubanka með það fyrir augum:
   a. að veita lán til ræktunar og kaupa á vélum og öðrum tækjum til búskapar;
   b. að hvetja bændafólk til að spara og safna fé og aðstoða það til þess;
   c. að veita lán og hvetja til sparnaðar meðal bændafjölskyldna þ. á m. vinnuhjúa sem yfirleitt eiga ekki kost á lánum frá hinum venjulegum lánastofnunum.
   d. að greiða fyrir framkvæmd sérstakra lánakerfa ríkisins með því að miðla raunverulega lánum til nýbýlinga og hafa eftirlit með því, hvernig þau eru notuð og að þau séu endurgreidd á réttum tíma.
9. Stuðla ætti að stofnun samvinnufyrirtækja um innkaup, sölu og fleira í því skyni:
   a. að selja og kaupa sameiginlega rekstrarvörur góðrar tegundar og með góðum kjörum;
   b. að útvega öllum flokkum landbúnaðarfólks allt það, sem nauðsynlega þarf til heimilis;
   c. að annast sameiginlega flokkun, meðhöndlun og sölu landbúnaðarvara.
10. Stuðla ætti að stofnun samvinnureksturs til þess að sinna öðrum þörfum í landbúnaði svo sem með sameiginlegri notkun véla, rafvæðingu, kynbótum búpenings, dýralækningum og vörnum gegn sjúkdómum, áveitum og tryggingum búpenings og uppskeru.
11. Með það fyrir augum að auka atvinnumöguleika, vinnuskilyrði og tekjur ætti, þar sem það á við, að aðstoða jarðnæðislausa landbúnaðarverkamenn við að stofna samvinnufélög á frjálsum grundvelli, er geri vinnusamninga fyrir þá.
12. Samvinnufyrirtæki landbúnaðarins, sem eru í mismunandi héruðum landshluta þar sem endurbætur í landbúnaði fara fram, skyldu hvött til þess að samcina starfsemi sína þegar það telst hagkvæmt fjárhagslega.
13. Einnig skyldi gefa gaum að því að stuðla að þróun annars konar samvinnureksturs með það í huga að sjá meðlimum bændafjölskyldna fyrir meiri eða minni vinnu utan bústarfa (svo sem handiðn eða heimilisiðnaði), fullnægjandi dreifingu neyzluvara og félagslegri þjónustu, sem ríkið getur ekki ávallt látið í té (t. d. að því er tekur til heilbrigði, menntunar, menningarmála, tómstundaiðju og flutninga).
14. Á allan mögulegan hátt skyldi stuðla að skiptum og dreifingu á upplýsingum um starfshætti, möguleika og takmarkanir samvinnufélaga í sambandi við endurbætur í landbúnaði svo að sem allra flest lönd fái notið góðs af fenginni reynslu.

Fylgiskjal VII.

Tillaga nr. 128 um hámarksþyngd þess, sem verkamaður má bera.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 51. þingsetu sinnar í Genf hinn 7. júní 1967, samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur samþykkt tilteknar ábendingar um hámarksþyngd sem einn verkamaður má bera, en það er sjötta mál á dagskrá þingsins og þar sem það hefur ákveðið að ábendingar þessar skuli gerðar í formi tillögu til viðbótar Samþykkt um hámarksþyngd, 1967, gerir þingið í dag hinn 28. júní 1967 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um hámarksþyngd 1967.

I. *Skilgreining og gildissvið.*

1. Í tillögu þessari merkir:
   a. „flutningur byrða með handafli" hvers konar flutning þar sem þungi byrðarinnar er borinn einvörðungu af einum manni, það tekur og til þess að lyfta byrðinni og láta hana niður;
   b. „reglulegur flutningur byrða með handafli" sérhverja starfsemi, sem samfellt eða aðallega er fólgin í flutningi byrða með handafli eða venjulega felur í sér slíka vinnu, enda þótt það sé ekki nema annað veifið;
   c. „ungur verkamaður" mann innan 18 ára aldurs.
2. Ef ekki er annað til tekið í þessari tillögu, tekur hún til allra flutninga með handafli hvort sem þeir eiga sér stað reglulega eða annað veifið, undanskildar eru léttar byrðar.
3. Tillaga þessi tekur til allra starfsgreina.

II. *Almenn regla.*

4. Hvorki má krefjast þess né leyfa að verkamaður beri byrði, sem er svo þung að hættulegt geti verið heilsu hans eða öryggi.

III. *Þjálfun og tilsögn.*

5. (1) Sérhver verkamaður, sem settur er til reglulegra flutninga byrða, ætti fyrst að fá nægilega þjálfun eða tilsögn í vinnuaðferðum til þess að vernda heilsu hans og koma í veg fyrir slys.
   (2) Þessi þjálfun eða tilsögn ætti að taka til aðferða við að lyfta, bera, setja niður, losa og stafla mismunandi vörum og hún skyldi veitt af vel hæfum mönnum eða stofnunum.
   (3) Á eftir þessari þjálfun eða tilsögn ætti, þar sem því verður við komið, að koma eftirlit á vinnustað til þess að tryggja það, að réttum aðferðum sé beitt.
6. Sérhver verkamaður, sem stöku sinnum er látinn flytja byrðar með handafli, ætti að fá nægilega tilsögn í því, hvernig starfið skuli unnið á öruggan hátt.

IV. *Læknisskoðun.*

7. Eftir því sem við verður komið og nauðsynlegt þykir ætti verkamaður, sem á að stunda flutninga með handafli, að gangast undir læknisskoðun áður en hann hefur starfið, til þess að athuguð verði hæfni hans til starfsins.
8. Síðan ætti læknisskoðun að fara fram við og við eftir því sem þörf krefur.
9. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að setja reglur um læknisskoðanir þær, sem um getur í 7. og 8. grein.
10. Gefa skal vottorð um læknisskoðun þá, sem um ræðir í 7. gr. þessarar tillögu. Vottorðið skal aðeins fjalla um vinnuhæfni en ekki innihalda læknisfræðilegar upplýsingar.

V. *Hjálpartæki og umbúðir.*

11. Til þess að takmarka eða létta flutninga með handafli ætti að nota viðeigandi tæknileg hjálpargögn eftir því sem við verður komið.
12. Umbúðir um vörur, sem fluttar kunna að verða með handafli, skulu vera þéttar og úr hæfu efni. Þær skulu eftir því sem við getur átt og mögulegt er, vera með handföngum og í því formi að ekki stafi slysahætta af, t. d. ættu þær ekki að vera með skörpum brúnum, útskotum eða ójöfnu ytra borði.

VI. *Hámarksþyngd.*

13. Við framkvæmd þessa kafla tillögu þessarar ættu aðildarríkin að taka tillit til:
    a. lífeðlisfræðilegra eiginleika verkamannanna, eðlis vinnunnar og umhverfis;
    b. sérhverra annarra aðstæðna, sem áhrif geta haft á heilbrigði og öryggi verkamannanna.

A. Fullorðnir verkamenn.

14. Þar sem hámarksþyngd sú, sem leyfilegt er að einn verkamaður flytji með handafli, er meiri en 55 kg, ætti svo fljótt sem unnt er að færa hana niður að því marki.

B. Verkakonur.

15. Þegar fullorðnar verkakonur stunda flutninga á vörum með handafli ætti hámarksþyngd byrða þeirra að vera verulega minni en leyfð er fyrir fullorðna karlmenn.
16. Eftir megni skal forðast að láta konur vinna að staðaldri við flutninga byrða með handafli.
17. Þegar fullorðnar verkakonur vinna að staðaldri við flutninga byrða með handafli ætti að gera ráðstafanir til þess:
    a. í viðeigandi tilfellum að stytta þann tíma, sem þær raunverulega verja til þess að lyfta, bera og láta niður byrðar;
    b. að banna það, að þær séu látnar vinna sérstök tiltekin verk við flutninga byrða með handafli ef þau eru sérlega erfið.
18. Konu má ekki láta vinna við flutninga á vörum með handafli frá því er staðfest er af lækni að hún sé barnshafandi og þar til 10 vikum eftir barnsburð, ef viðurkenndur læknir telur að slík vinna geti verið skaðleg heilsu hennar eða barnsins.

C. Ungt verkafólk.

19. Þegar ungt verkafólk er látið vinna við flutninga byrða með handafli ætti hámarksþyngd slíkra byrða að vera verulega minni en leyfð er fyrir fullorðna af sama kyni.
20. Eftir megni skal forðast að láta ungt verkafólk vinna að staðaldri við flutninga byrða með handafli.
21. Þar sem lágmarksaldur til vinnu við flutninga byrða með handafli er lægri en 16 ár, ætti svo fljótt sem kostur er að hækka hann í það mark.
22. Lágmargsaldur til vinnu við flutninga með handafli ætti að hækka og stefna að 18 ára lágmarksaldri.
23. Þegar ungt verkafólk vinnur að staðaldri við flutninga með handafli ætti að gera ráðstafanir til þess:
    a. í viðeigandi tilfellum að stytta þann tíma, sem það raunverulega ver til þess að lyfta, bera og láta niður byrðar;
    b. að banna að það sé látið vinna sérstök tiltekin verk við flutninga byrða með handafli ef þau eru sérlega erfið.

VII. *Aðrar heilbrigðis- og öryggisráðstafanir.*

24. Á grundvelli læknisálits og með tilliti til aðstæðna við vinnuna ætti hlutaðeigandi stjórnvald að leitast við að tryggja það, að sú áreynsla, sem krafizt er á vinnudegi eða af vinnuflokki, sem vinnur við flutninga með handafli, sé ekki svo mikil að hættuleg geti talizt fyrir heilbrigði eða öryggi verkamannanna.
25. Verkamönnum þeim, sem vinna við flutninga með handafli, ætti að láta í té þau tæki og búnað, sem nauðsynlegt er til verndar heilsu þeirra og öryggi eða gefa þeim kost á slíku og þeir ættu að færa sér það í nyt.

VIII. *Ýmis ákvæði.*

26. Þjálfun sú eða tilsögn og læknisskoðun, sem um ræðir í þessari tillögu, ætti að vera verkamanninum að kostnaðarlausu.
27. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að efla raunhæfar vísindalegar rannsóknir þ. á m. orkumælingar í sambandi við flutninga byrða með handafli m. a. með það fyrir augum:
    a. að komast að mögulegu sambandi milli atvinnusjúkdóma og flutnings byrða með handafli, og
    b. að draga úr hættu fyrir heilbrigði og öryggi verkamanna, sem stunda flutninga byrða með handafli.
28. Þar sem algengt er að flytja vörur með því að ýta þeim eða draga þær og það hefur í för með sér áreynslu, sem er sambærileg því, er vörur eru fluttar með handafli, getur hlutaðeigandi stjórnvald tekið til athugunar að láta þau ákvæði þessarar tillögu, sem við geta átt, taka til slíkrar vinnu.
29. Sérhvert aðildarríki ætti að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma ákvæðum þessarar tillögu í framkvæmd með lögum eða reglugerðum eða öðrum aðferðum, sem hæfa venjum og aðstæðum í hverju landi og í samráði við samtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna.
30. Aðildarríki geta að höfðu samráði við vinnueftirlitið og samtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar tillögu ef nauðsyn krefur vegna aðstæðna eða gerðar þeirrar vöru, sem flutt er. Fyrir hverja undanþágu eða tegund undanþágu skulu sett ákveðin takmörk.
31. Í samræmi við venju í hverju landi ætti hvert aðildarríki að tiltaka þann eða þá aðila, sem eiga að sjá um framkvæmd ákvæða þessarar tillögu, svo og hvaða stjórnvald beri ábyrgð á framkvæmd þessara ákvæða.

Fylgiskjal VIII.

Tillaga nr. 129 um samskipti stjórnenda og verkamanna innan einstakra fyrirtækja.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar saman komið til 51. þingsetu sinnar í Genf hinn 7. júní 1967 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur athugað ákvæðin í Tillögu frá 1952 um samvinnu milli atvinnurekenda og verkamanna innan einstakra fyrirtækja og telur frekari ákvæða þörf. Hefur þingið því ákveðið að samþykkja tilteknar ábendingar um samskipti innan einstakra fyrirtækja, en það er fimmta mál á dagskrá þingsins, og þar sem það hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í tillöguformi gerir þingið í dag, hinn 28. júní 1967, eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um samskipti innan fyrirtækja, 1967:

I. *Almenn sjónarmið.*

1. Sérhvert aðildarríki ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að koma ákvæðum þessarar tillögu til vitundar manna, félaga og stjórnvalda, sem kunna að marka og framkvæma stefnu í málum, er varða samskipti milli stjórnenda og verkamanna innan fyrirtækja.
2. (1) Atvinnurekendur og samtök þeirra, svo og verkamenn og þeirra samtök, ættu í eigin þágu að viðurkenna mikilvægi þess, að andi gagnkvæms skilnings og trausts ríki innan fyrirtækis, en það er hagkvæmt bæði fyrir afkastagetu fyrirtækisins og óskir verkamannanna.
   (2) Þenna gagnkvæma skilning ætti að efla með skjótri dreifingu og skiptum á upplýsingum, svo ýtarlegum og hlutlægum sem kostur er, um hinar ýmsu hliðar á rekstri fyrirtækisins og félagsleg kjör verkamannanna.
   (3) Til þess að skapa slíkt andrúmsloft ættu stjórnendur fyrirtækis, að höfðu samráði við fulltrúa verkamanna, að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að koma á raunhæfum reglum um samskipti við verkamennina og fulltrúa þeirra.
3. Með raunhæfum reglum um samskipti ber að sjá til þess að upplýsingar séu gefnar og samræður fari fram milli hlutaðeigandi aðila, áður en stjórnendur taka mikilvægar ákvarðanir, enda skaði birting upplýsinga hvorugan aðila.
4. Samskiptahættir mega á engan hátt skerða félagafrelsi eða skaða frjálst kjörna fulltrúa verkamanna eða félög þeirra. Ekki mega þeir heldur skerða hlutverk þeirra, sem samkvæmt landslögum eða reglugerðum koma fram fyrir hönd verkamanna.
5. Félög atvinnurekenda og verkamanna ættu að ræðast við og skiptast á skoðunum til þess að kanna þær aðgerðir, sem gera á með það fyrir augum að greiða fyrir því, að reglurnar um samskipti séu viðurkenndar og þeim raunverulega beitt.
6. Gera ætti ráðstafanir til að þjálfa hlutaðeigendur í samskiptaháttum til þess að þeir verði eins og mögulegt er kunnugir þeim atriðum, sem samskipti eru um.
7. Við setningu og framkvæmd reglna um samskipti ættu stjórnendur fyrirtækja, atvinnurekenda- og verkamannafélög, fulltrúar verkamanna og stjórnvöld í löndum, þar sem það á við, að hafa til leiðbeiningar ákvæðin í kafla II hér á eftir.

II. *Aðalatriði í reglum um samskipti innan fyrirtækja.*

8. Samskiptahætti ætti að miða við það, hvers konar fyrirtækið er, og tekið skal tillit til stærðar þess svo og samsetningar starfsliðsins og áhugamála þess.
9. Með það fyrir augum, að samskipti innan fyrirtækis nái tilgangi sínum ætti að skipuleggja þau þannig, að tryggt sé að upplýsingar berist raunverulega og reglulega á báða bóga:
   a. milli forsvarsmanna stjórnar fyrirtækisins (forstjóra, deildarstjóra, verkstjóra o. s. frv.) og verkamannanna; og
   b. milli forstjóra fyrirtækisins, starfsmannastjóra eða annarra fyrirsvarsmanna aðalstjórnar og fulltrúa stéttarfélaga eða annarra, sem samkvæmt lögum, landsvenju eða samningum gæta hagsmuna verkamanna innan fyrirtækisins.
10. Þegar stjórnendur óska þess að miðla upplýsingum með milligöngu fulltrúa verkamanna og hinir síðarnefndu fallast á það, ætti að veita þeim tækifæri til þess að koma slíkum upplýsingum áfram til hlutaðeigandi verkamanna fljótt og vel.
11. Við val á þeim leiðum fyrir upplýsingar, sem stjórnendur telja henta bezt þeim upplýsingum, sem um er að ræða, ættu þeir að taka fullt tillit til mismunandi

ætlunarverka verkstjóra og fulltrúa verkamanna svo að aðstaða hvorugra þeirra sé veikt.

12. Þegar valdar eru aðferðir við flutning á upplýsingum og hvenær þær skuli fluttar, skal miða við aðstæður í hverri grein og tekið tillit til venju í hverju landi.

13. Leiðir til að miðla upplýsingum geta verið:
   a. fundir til þess að skiptast á upplýsingum og skoðunum;
   b. leiðir, sem miðaðar eru við tillekna hópa verkamanna, svo sem reglulegar tilkynningar frá verkstjóra og handbækur um starfsmannahald;
   c. fjölmiðlar eins og blöð og tímarit gefin út í fyrirtækjunum, frétlablöð og smárit til upplýsinga, upplýsingatöflur, ársskýrslur og fjármálaskýrslur, sem settar eru fram í formi auðskildu fyrir alla verkamenn, bréf frá starfsmönnum, sýningar, heimsóknir í fyrirtæki, kvikmyndir, ljósmyndir, útvarp og sjónvarp;
   d. leiðir, sem miða að því að gera verkamönnum mögulegt að bera fram tillögur og láta í ljós skoðanir sínar á málum, sem varða rekstur fyrirtækisins.

14. Hverjar upplýsingar skal gefa og í hvaða formi þær skuli gefnar skal ákveðið með gagnkvæmum skilningi á vandamálum, sem fylgja fjölbreytni í starfsemi fyrirtækisins.

15. (1) Þær upplýsingar, sem stjórnendum fyrirtækis ber að gefa, skulu eftir eðli sínu annaðhvort stílaðar til fulltrúa verkamanna eða til verkamannanna sjálfra og þær skulu taka til allra atriða, sem skipta máli fyrir verkamennina og varða rekstur fyrirtækisins, framtíðarhorfur, svo og stöðu verkamannanna í nútíð og framtíð, enda skaði birting upplýsinganna hvorugan aðila.

(2) Stjórnendur fyrirtækja skulu einkum gefa upplýsingar, er varða:
   a. almenn vinnukjör, þ. á m. um ráðningu, flutning og lok vinnusamnings;
   b. starfslýsingar og þátt hvers starfs í fyrirtækinu;
   c. möguleika til menntunar og frama í starfi innan fyrirtækisins;
   d. almenn vinnuskilyrði;
   e. reglur um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir við vinnu og ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys og atvinnusjúkdóma;
   f. aðferðir við rannsóknir á kærum, svo og reglur og venjur, sem gilda um þær aðferðir og skilyrði til þess að þeim sé beitt;
   g. þjónustu við starfsfólkið (heilsugæzla, mötuneyti, húsnæði, frístundir, aðstaða til sparnaðar og bankaviðskipta o. fl.);
   h. skipan félagslegs öryggis og félagslegrar hjálpar innan fyrirtækisins;
   i. reglugerðir um almannatryggingar, sem taka til verkamannanna vegna starfa þeirra í fyrirtækinu;
   j. almenna stöðu og horfur fyrirtækisins og áætlanir um framtíðarþróun þess;
   k. skýringar á ákvörðunum, sem líklegar eru til þess að hafa bein eða óbein áhrif á stöðu verkamannanna innan fyrirtækisins;
   l. hætti, sem hafðir eru á samráði, viðræðum og samvinnu milli stjórnenda fyrirtækisins og fulltrúa þeirra annars vegar og verkamanna og fulltrúa þeirra hins vegar.

(3) Þegar um er að ræða mál, sem fjallað hefur verið um í samningum milli vinnuveitandans og verkamanna eða fulltrúa þeirra í fyrirtækinu, eða heildarsamning, sem hefur víðtækara gildissvið en fyrirtækið, skal þess greinilega getið í upplýsingunum.

Fylgiskjal IX.

Tillaga nr. 130 um meðferð á kærum innan fyrirtækis.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar saman komið til 51. þingsetu sinnar í Genf hinn 7. júní 1967 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur tekið til athugunar ákvæðin í fyrri alþjóðlegum tillögum varðandi hinar ýmsu hliðar á samskiptum verkamanna og atvinnurekenda, sérstaklega Tillögu frá 1951 um heildarsamninga, Tillögu frá 1951 um frjálsar sættir og gerðir í vinnudeilum, Tillögu frá 1952 um samstarf innan fyrirtækja og Tillögu frá 1963 um uppsögn af hálfu atvinnurekenda og telur þingið þörf frekari ákvæða.

Þingið hefur og í huga ákvæðin í Tillögu frá 1967 um samskipti innan fyrirtækja og hefur samþykkt tilteknar ábendingar um meðferð á kærum innan fyrirtækja, sem er 5. mál á dagskrá þingsins, og þar sem það hefur ákveðið að ábendingar þessar skuli gerðar í tillöguformi, gerir þingið í dag, 29. júní 1967, eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um meðferð á kærum, 1967:

I. *Framkvæmdahættir.*

1. Tillögu þessari skal koma í framkvæmd með lögum eða reglugerðum, heildarsamningum, starfsreglum eða gerðardómi, eða á annan hátt, sem er í samræmi við venjur í hverju landi og hæfir aðstæðum þar.

II. *Almennar reglur.*

2. Sérhver verkamaður, sem telur sig hafa ástæðu til að kæra fyrir sína eigin hönd eða ásamt öðrum verkamönnum, skal hafa rétt til þess:
   a. að bera fram slíka kæru án þess að bera af því nokkurn skaða; og
   b. að fá slíka kæru athugaða á viðeigandi hátt.
3. Ástæður fyrir kæru geta verið hvers konar aðgerðir eða aðstæður, sem snerta samskipti milli atvinnurekanda og verkamanns eða hafa eða geta haft áhrif á starfskjör eins eða fleiri verkamanna í fyrirtækinu, þegar þessar aðgerðir eða aðstæður virðast vera andstæðar ákvæðum í gildandi heildarsamningum eða einstökum vinnusamningum, starfsreglum, lögum eða reglugerðum eða venju í starfinu, viðkomandi starfsgrein eða landi með tilliti til reglunnar um góða trú.
4. (1) Ákvæði þessarar tillögu eiga ekki við sameiginlegar kröfur um kjarabreytingar.
   (2) Með lögum eða venju í einstökum löndum skal gera greinarmun á þeim tilvikum annars vegar, þegar kæra er borin fram af einum verkamanni eða fleirum og skal rannsökuð samkvæmt reglum í þessari tillögu, eða hins vegar kæru, sem er almenn krafa, sem fjallað skal um í heildarsamningum eða eftir öðrum reglum um lausn deilumála.
5. Þegar reglur um rannsókn á kærum eru ákveðnar í heildarsamningi ætti að hvetja samningsaðila til að taka í slíkan samning ákvæði um það, að meðan sá samningur er í gildi skuldbindi þeir sig til að leysa kærumál eftir hinum settu reglum og gera ekki neitt, sem hindrað geti raunhæfa framkvæmd þessara reglna.
6. Félög verkamanna eða fulltrúar þeirra í fyrirtækinu ættu — helzt á grundvelli samnings — að vinna með atvinnurekendum á grundvelli jafnréttis að samningu og framkvæmd reglna um meðferð kærumála innan fyrirtækisins í samræmi við lög og venju í einstökum löndum.
7. (1) Til þess að kærumál verði sem allra fæst, ætti að leggja sem ríkasta áherzlu á að koma á heilbrigðri stefnu í málum starfsmanna með tilliti til og virðingu fyrir rétti og hagsmunum verkamanna.

(2) Til þess að koma slíkri stefnu á og leysa þau félagsleg vandamál, sem varða verkamenn í fyrirtækinu, ættu stjórnendur þess að hafa samvinnu við fulltrúa verkamanna áður en ákvörðun er tekin.

8. Kærumál ætti, eftir því sem mögulegt er, að leysa innan fyrirtækisins sjálfs eftir raunhæfum reglum, sem hæfa aðstæðum í hlutaðeigandi landi, starfsgrein og fyrirtæki og veita aðilum tryggingu fyrir óhlutdrægni.
9. Ekkert ákvæði í tillögu þessari skal skerða rétt verkamanns til þess að snúa sér með kæru beint til hlutaðeigandi stjórnvalds í vinnumálum, vinnudómstóls eða annars handhafa dómsvalds, þar sem slíkur réttur er viðurkenndur með lögum eða reglugerðum.

III. *Reglur um meðferð kæru innan fyrirtækis.*

10. (1) Hvort sem hlutaðeigandi verkamaður nýtur aðstoðar eður ei, skal það vera aðalregla, að verkamaðurinn og næsti yfirboðari hans reyni fyrst að leysa kærumál sín á milli.
(2) Þegar slík tilraun hefur mistekizt eða kæran er þess eðlis, að beinar viðræður milli verkamannsins og næsta yfirboðara hans mundu ekki henta, skal verkamaðurinn eiga rétt á því að fá málið tekið fyrir á einu eða fleiri hærri stigum eftir eðli kærunnar og gerð og stærð fyrirtækisins.
11. Reglurnar um kærumál skulu þannig samdar og framkvæmdar að á hverju stigi, sem um er að ræða, sé raunverulegur möguleiki til þess að komast að þeirri lausn, sem bæði verkamaðurinn og atvinnurekandinn viðurkenni án þvingunar.
12. Reglurnar um kærumál ættu að vera svo einfaldar og fljótvirkar sem mögulegt er og ákveða má fresti í þessu skyni, ef nauðsyn krefur. Formsatriði við framkvæmd þessara reglna ættu að vera sem einföldust.
13. (1) Hlutaðeigandi verkamaður á að hafa rétt til þess að taka þátt í meðferð kæru og fá aðstoð eða málsvara við rannsókn kærunnar, er sé fulltrúi stéttarfélags, trúnaðarmaður verkamanna í fyrirtækinu eða hver sá maður annar, er hann sjálfur kýs í samræmi við lög eða venju í hverju landi.
(2) Atvinnurekandinn á að hafa rétt til þess að fá aðstoð eða láta atvinnurekendafélag koma fram fyrir sína hönd.
(3) Sérhver starfsmaður í sama fyrirtæki, sem aðstoðar verkamanninn eða kemur fram fyrir hans hönd við meðferð kæru hans, skal njóta sömu verndnar og verkamaðurinn nýtur samkv. 2. gr. a., ef hann fer eftir reglunum um meðferð kæru.
14. Hlutaðeigandi verkamaður eða málsvari hans, sem starfar í sama fyrirtæki, skal fá nægan tíma til þess að taka þátt í meðferð kærunnar og skal ekki missa af launum fyrir fjarvistir frá vinnu af þeim sökum, enda sé tillit tekið til reglna, þ. á m. reglna til að koma í veg fyrir misnotkun, sem settar kunna að hafa verið með lögum, heildarsamningum eða á annan viðeigandi hátt.
15. Ef aðilar telja það nauðsynlegt skal eftir samkomulagi bóka það, sem gerist í málinu og aðilum látin í té eintök af þeim bókunum.
16. (1) Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til þess að verkamennirnir þekki gang kærumála svo og reglur þar að lútandi og skilyrðin til þess, að þeim verði beitt.
(2) Sérhver verkamaður, sem lagt hefur fram kæru, skal látinn fylgjast með gangi málsins og hvað gert er vegna kæru hans.

IV. *Lausn óleystra kærumála.*

17. Þegar allar tilraunir til lausnar kærumáls innan fyrirtækis hafa mistekizt, ætti að vera fyrir hendi möguleiki til endanlegrar lausnar þess með einhverjum eftirtalinna hátta eftir eðli kærunnar:

a. með þeim hætti, sem ákveðinn er í heildarsamningi, svo sem með sameiginlegri rannsókn hlutaðeigandi félaga atvinnurkenda og verkamanna eða gerðardómi, sem aðilar eru ásáttir um og skipaður er manni eða mönnum, sem tilnefndir séu með samþykki hlutaðeigandi atvinnurekanda og verkamanna eða félagssamtaka þeirra;
b. með sátt eða gerðardómi opinberra stjórnvalda;
c. að leggja málið fyrir vinnudóm eða annan dómstól;
d. með öðrum þeim hætti, sem hæfa kann aðstæðum í hverju landi.

18. (1) Gefa skal verkamanni nauðsynlegt frí frá vinnu til þess að taka þátt í þeirri málsmeðferð, sem um ræðir í 17. gr. þessarar tillögu.
(2) Verkamaður, sem notfærir sér einhvern þann hátt, sem um ræðir í 17. gr., skal einskis missa í launum af þeim sökum, ef kæra hans reynist með þeim hætti á rökum reist. Eftir því sem frekast er unnt, skal meðferð máls með þessum háttum fara fram utan vinnutíma hlutaðeigandi verkamanns.

Fylgiskjal X.

Tillaga nr. 131 um örorku-, elli- og eftirlifendabætur.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar saman komið til 51. þingsetu sinnar í Genf hinn 7. júní 1967, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur ákveðið að fallast á tilteknar ábendingar um breytingar á Samþykkt frá 1933 um ellitryggingar iðnaðarfólks o. fl., Samþykkt frá 1933 um ellitryggingar landbúnaðarfólks, Samþykkt frá 1933 um örorkutryggingar iðnaðarfólks o. fl., Samþykkt frá 1933 um örorkutryggingar landbúnaðarfólks, Samþykkt frá 1933 um eftirlifendatryggingar iðnaðarfólks o. fl. og Samþykkt frá 1933 um eftirlifendatryggingar landbúnaðarfólks, en þetta var 4. mál á dagskrá þingsins, og eftir að hafa ákveðið að ábendingar þessar skyldu gerðar í formi tillögu til uppfyllingar Samþykkt frá 1967 um örorku-, elli- og eftirlifendabætur, gerir þingið í dag, hinn 29. júní 1967 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga frá 1967 um örorku-, elli- og eftirlifendabætur:

I. *Almenn ákvæði.*

1. Í tillögu þessari:
a. tekur orðið „löggjöf" til allra reglna um almannatryggingar, auk laga og reglugerða;
b. merkir orðið „tiltekið" það sem ákveðið er í lögum eða með heimild í lögum;
c. merkja orðin „á framfæri" það ástand að maður er öðrum háður um framfærslu og ætla má að það ástand sé fyrir hendi í ákveðnum tilvikum;
d. merkir orðið „eiginkona" þá konu, sem framfærð er af manni sínum;
e. merkir orðið „ekkja" konu, sem var á framfæri manns síns er hann lézt;
f. merkir orðið „barn":
(i) barn á skólaaldri, eða undir 15 ára aldri, hvort aldursmarkið, sem hærra er, og
(ii) eftir nánari tilteknum reglum, barn innan tiltekins aldurs, sem er hærri en tiltekið er í lið (i) í þessum staflið, og er iðnnemi eða við annað nám eða er haldið langvinnum sjúkdómi eða veikleika, sem gerir það ófært um að stunda arðbæra atvinnu;
g. merkir orðið „réttindavinnslutími "iðgjaldagreiðslutíma, starfstíma, dvalartíma eða þessi tímabil sameinuð á einhvern hátt, eftir því, sem tiltekið kann að vera;
h. merkja orðin „bætur háðar iðgjaldi" bætur, sem eru háðar því skilyrði að hinir tryggðu eða atvinnurekandi þeirra hafi greitt til þeirra, eða bundnar eru við réttindavinnslutíma eða starfstíma.

II. *Hinir tryggðu.*

2. Aðildarríkin ættu að auka gildissvið löggjafar sinnar um örorku- og ellibætur, í áföngum ef nauðsyn krefur, þannig að þær taki til:
   a. manna, sem stunda óreglulega atvinnu;
   b. allra arðbærlega starfandi manna.

III. *Tryggingatilfelli, sem tillagan tekur til.*

3. Í skilgreiningu á örorku skal taka tillit til vanhæfis til að stunda arðbæra vinnu, sem veiti verulegar tekjur.
4. Samkvæmt tilteknum skilyrðum skal veita lægri bætur vegna örorku að hluta.
5. Í því skyni að tryggja menn, sem náð hafa tilteknum aldri, en eru ekki komnir á lífeyrisaldur, ættu aðildarríkin, með tilteknum skilyrðum að veita bætur:
   a. ef örorka manns hefur verið staðreynd eða hann talinn öryrki;
   b. mönnum, sem gegn vilja sínum hafa verið atvinnulausir um tiltekinn tíma;
   c. hverjum öðrum tilteknum flokki manna, sem af félagslegum ástæðum ættu að njóta góðs af slíkum aðgerðum.
6. Þar sem það á við, ætti að lækka lífeyrisaldurinn með tilteknum skilyrðum, að því er tekur til tiltekinna flokka manna, ef rétt þykir af félagslegum ástæðum.
7. Nú fullnægir tryggður maður ekki tilteknum skilyrðum einungis vegna síns háa aldurs þegar löggjöfin, sem veitir Samþykkt frá 1967 um örorku-, elli- og eftirlifendabætur gildi og skal þá með tilteknum skilyrðum veita slíkum manni lægri ellibætur, nema honum séu tryggðar bætur samkvæmt 1., 3. eða 4. tölulið 18. greinar þeirrar samþykktar við hærri aldur en hinn venjulegi lífeyrisaldur.
8. Nú er réttur ekkju til eftirlifendabóta bundinn því skilyrði að hún hafi náð tilteknum aldri og skal þá ekkju, sem ekki hefur náð þeim aldri, veitt hvers konar aðstoð þ. á m. starfsþjálfun og útvegun atvinnu svo og styrkur, þar sem það á við, til þess að gera henni kleift að fá vinnu við sitt hæfi.
9. Nú hafði maður ekkju uppfyllt hin tilteknu skilyrði en sjálf uppfyllir hún ekki skilyrðin til að fá eftirlifendabætur og skal hún þá eiga rétt til styrks í tiltekinn tíma eða dánarbóta greiddra í einu lagi.
10. Ellilífeyri eða eftirlifendabætur, sem háð eru iðgjaldagreiðslu, má ekki fella niður eftir að tilteknum aldri er náð, einungis vegna þess að hlutaðeigandi maður er í arðbæru starfi.
11. Ekkill, sem er öryrki og getur ekki framfært sig sjálfur, ætti með tilteknum skilyrðum að njóta réttar til eftirlifendabóta á sama hátt og ekkja.
12. Örorkubætur ætti að tryggja a. m. k. þeim tryggðum manni, sem áður en tryggingaratvikið skeði, hefur samkvæmt tilteknum reglum fullnað réttindavinnslutíma, sem sé fimm ár iðgjaldagreiðslu eða búsetu.
13. Réttindavinnslutíma í sambandi við örorkubætur ætti að fella niður eða stytta með nánar tilteknum skilyrðum, þegar um er að ræða unga verkamenn, sem ekki hafa náð tilteknum aldri.
14. Réttindavinnslutíma í sambandi við örorkubætur ætti að fella niður eða stytta með nánar tilteknum skilyrðum þegar örorkan stafar af slysi.
15. Ellibætur ætti að tryggja a. m. k. þeim tryggðum manni, sem áður en tryggingaratvikið skeði, hefur samkvæmt tilteknum reglum fullnað réttindavinnslutíma, sem getur verið 20 ár iðgjaldagreiðslu eða starfs eða 15 ára búseta.
16. Nú eru ellibætur háðar skilyrði um lágmarkstíma iðgjaldagreiðslu eða starfs og ætti þá að tryggja a. m. k. þeim tryggðum manni lækkaðar bætur, sem samkvæmt tilteknum reglum hefur fullnað réttindavinnslutíma, er sé 10 ár iðgjaldagreiðslu eða starfs, áður en tryggingaatvikið skeði.
17. Nú eru ellibætur háðar skilyrði um lágmarkstíma iðgjaldagreiðslu eða starfs og ætti þá að hækka bæturnar með tilteknum skilyrðum:

a. þegar bótagreiðslur eru háðar því skilyrði að hlutaðeigandi maður hafi látið af tilteknu arðbæru starfi og sá, sem náð hefur lífeyrisaldrinum og uppfyllt skilyrðin um iðgjaldagreiðslu eða starfstíma, frestar því að láta af starfi.

b. þegar ellibætur eru ekki bundnar því skilyrði að hlutaðeigandi láti af tilteknu arðbæru starfi og sá, sem náð hefur lífeyrisaldrinum og uppfyllt sett skilyrði, frestar því að krefjast bóta.

18. Eftirlifendabætur ætti að veita a. m. k. að fullnægðum þeim skilyrðum, sem kveðið er á um í 13. gr. þessarar tillögu um örorkubætur.

19. Nú er greiðsla örorkubóta, ellibóta eða eftirlifendabóta bundin skilyrði um iðgjaldagreiðslu eða starf og skulu þá a. m. k. þau tímabil, sem hlutaðeigandi var ófær til vinnu vegna veikinda, slysa eða barnsburðar svo og atvinnuleysistímabil, sem bætur voru greiddar fyrir, með tilteknum skilyrðum reiknast með iðgjaldagreiðslutímanum eða starfstímanum við útreikning réttindavinnslutíma hlutaðeiganda.

20. Nú er greiðsla örorku-, elli- og eftirlifendabóta bundin skilyrði um iðgjaldagreiðslu eða starf og skulu þá þau tímabil, sem hlutaðeigandi gegndi herskyldu, með tilteknum skilyrðum reiknuð með iðgjaldagreiðslutíma eða starfstíma við útreikning á réttindavinnslutíma, sem hlutaðeigandi hefur fullnað.

IV. *Bætur.*

21. Prósentutölur þær, sem tilteknar eru í viðauka við V. kafla Samþykktar frá 1967 um örorku-, elli- og eftirlifendabætur, ætti að hækka um a. m. k. tíu stig.

22. Með landslögum ætti að ákveða lágmark örorku-, elli- og eftirlifendabóta þannig að tryggð séu lífskjör yfir tilteknu lágmarki.

23. Fjárhæð örorku-, elli- og eftirlifendabóta ætti að endurskoða á vissum fresti og skal þá taka tillit til breytinga, sem orðið hafa á launum almennt og framfærslukostnaði.

24. Lífeyrisþegum, sem þarfnast stöðugrar hjálpar eða umönnunar annarra, ætti að veita sérstakar bætur eða aukabætur með tilteknum skilyrðum.

25. Bætur, sem tryggður maður á annars rétt á, ætti ekki að fella niður af þeirri ástæðu einni að hann dvelur ekki í landi aðildarríkisins.